



**Fjármálaráðuneytið**

# **Innheimta opinberra gjalda**

**HANDBÓK**

Rit nr. 5, 1991

# **Innheimta opinberra gjalda**

---

**Fjármálaráðuneytið**

---

**Október 1991**

## Breytingar

Nr.	Dags.	Innfært af

ISBN 9979-820-07-1

© Fjármálaráðuneytið – Reykjavík – rit nr. 5, 1991

Bókin er sett í ritvinnslukerfinu „WordPerfect 5.0“ og skilað á „Postscript“-formi til prentsmiðju. Grunnletur er Palatino 11,5 punkta.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

*Printed in Iceland*

# Efnisyfirlit og atriðaorðaskrá

1. kafli Inngangur .....	1 - 1
2. kafli Um notkun bókarinnar .....	2 - 1
3. kafli Almenn um innheimtu opinberra gjalda .....	3 - 1
3.1 Innheimtumenn ríkissjóðs, réttindi, skyldur og stjórnsýsluleg staða þeirra	3 - 1
3.2 Álagning opinberra gjalda .....	3 - 2
3.3 Innheimtuferli og viðurlög við vanskilum .....	3 - 2
3.4 Skuldajöfnuður .....	3 - 4
3.5 Hlutverk ríkisféhirðis og skil innheimtumanna .....	3 - 5
4. kafli Uppgjör, bókhald og tölvukerfi .....	4 - 1
4.1 Bókhald .....	4 - 1
4.2 Mánaðaruppgjör .....	4 - 3
– Uppgjör innheimtu .....	4 - 3
– Ráðstöfunaryfirlit .....	4 - 3
– Sjóðtalning .....	4 - 3
– Sjúkratryggingar .....	4 - 3
– Lífeyristryggingar og atvinnuleysistryggingar .....	4 - 3
– Sveitarfélög .....	4 - 4
– Stimpilgjöld .....	4 - 4
– Fasteignagjöld .....	4 - 4
– Kirkjugarðsgjöld .....	4 - 4
– Bankareikningar .....	4 - 4
4.3 Ársuppgjör .....	4 - 4
– Sjóður og bankareikningar .....	4 - 4
– Niðurstöðutölur bókhaldsreikninga .....	4 - 4
– Uppgjör bankareikninga .....	4 - 4
– Eignaskrá .....	4 - 5
– Heildarskilagrein tekna, aðalblöð .....	4 - 5
– Heildarskilagrein tekna, sundurliðunarblöð .....	4 - 5
– Fylgiblöð með heildarskilagrein tekna .....	4 - 5
– Innheimtuskilagrein .....	4 - 5
– Innheimtuuppgjör til sveitarfélaga .....	4 - 5
– Uppgjör launaframtals .....	4 - 6
4.4 Tölvukerfi .....	4 - 6
– Tekjubókhaldskerfi, TBI .....	4 - 6
– Upplýsingakerfi ríkisskattstjóra .....	4 - 6
– Bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins, BÁR .....	4 - 6
– Tollakerfi .....	4 - 6
– Innheimtuskil .....	4 - 7
– Virðisaukaskattskerfi .....	4 - 7
– Álestrarskrá ökumæla .....	4 - 7

- Bifreiðaskrá .....	4 - 7
- Þinglýsingarkerfi .....	4 - 7
- Tékkæftirlitskerfi .....	4 - 7
- Lagasafn .....	4 - 7
- Þjóðskrá .....	4 - 7
- Skipaskrá .....	4 - 7
- Skyggnir .....	4 - 8
- Fasteignaskrá .....	4 - 8
- Meistarinn .....	4 - 8
<b>5. kafli Yfirlit yfir opinber gjöld .....</b>	<b>5 - 1</b>
5.1 Tekjuskattar og eignarskattar .....	5 - 1
- Tekjuskattur og eignarskattur .....	5 - 1
- Sérstakur eignarskattur .....	5 - 3
- Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði .....	5 - 5
- Fasteignaskattur .....	5 - 6
- Útsvar .....	5 - 8
- Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra .....	5 - 10
- Kirkjugarðsgjald .....	5 - 11
- Erfðafjárskattur .....	5 - 12
- Staðgreiðsla, launagreiðandi .....	5 - 13
5.2 Veltuskattar .....	5 - 15
- Aðstöðugjald .....	5 - 15
- Iðnaðarmálagjald .....	5 - 17
- Iðnlánasjóðsgjald .....	5 - 18
- Skipulagsgjald .....	5 - 19
- Útflutningsráðsgjald .....	5 - 20
- Virðisaukaskattur .....	5 - 21
5.3 Launatengd gjöld .....	5 - 24
- Tryggingagjald .....	5 - 24
- Launatengd gjöld fram til ársins 1991 - eftirstöðvar .....	5 - 26
- Launaskattur .....	5 - 26
- Lífeyristryggingagjald .....	5 - 27
- Slysatryggingagjald .....	5 - 28
- Vinnueftirlitsgjald .....	5 - 30
- Atvinnuleysistryggingagjald .....	5 - 31
5.4 Sérstakir bifreiðaskattar .....	5 - 32
- Bifreiðagjald .....	5 - 32
- Þungaskattur .....	5 - 33
5.5 Aðflutningsgjöld .....	5 - 35
- Almennt um aðflutningsgjöld .....	5 - 35
- Tollur .....	5 - 37
- Jöfnunargjald .....	5 - 38
- Vörugjald .....	5 - 39
- Fóðurgjald .....	5 - 41
- Almanaksjóðsgjald .....	5 - 42

- Bensíngjald	5 - 43
- Jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta	5 - 44
- Eftirlitsgjald af fóðurvörum	5 - 45
- Skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur	5 - 46
- Höfundaréttargjald	5 - 47
- Sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum	5 - 48
- Flutningsjöfnunargjald af sementi	5 - 49
- Jöfnunargjald af kartöflum	5 - 50
- Jöfnunartollur	5 - 51
- Neyðarleyfisgjald	5 - 52
- Póstafgreiðslugjöld	5 - 53
- Einkasölugjald	5 - 54
- Virðisaukaskattur við innflutning	5 - 55
5.6 Aukatekjur ríkissjóðs o.fl.	5 - 57
- Almennt	5 - 57
- Gjöld sem greiða skal í ríkissjóð skv. reglugerð nr. 644/1989, sbr. gerð nr. 250/1990, reglugerð nr. 37/1991 og reglugerð nr. 429/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	5 - 57
-- Leyfisgjöld	5 - 57
-- Skírteinagjöld	5 - 59
-- Sérstök skráningargjöld	5 - 59
-- Gjöld vegna skráningar á loftfari	5 - 60
-- Afgreiðslugjöld skipa	5 - 60
-- Gjöld fyrir löggildingu manna til starfa	5 - 60
-- Gjöld vegna ýmissa vottorða og löggildinga	5 - 60
-- Gjöld vegna endurrita eða ljósrita úr embættisbókum og skjalasöfnum	5 - 61
- Gjöld sem greiða skal í ríkissjóð samkvæmt reglugerð nr. 642/1989, um dómsmálagjöld o.fl.	5 - 61
-- Dómsmálagjöld í einkamálum	5 - 61
-- Fógetagerðir	5 - 62
-- Innköllun til skuldheimtumanna	5 - 62
-- Uppboðsgerðir	5 - 62
-- Þinglýsing	5 - 62
-- Notarialgerðir	5 - 62
-- Gjöld samkvæmt umferðalögum nr. 50/1987	5 - 62
--- Próf ökumanna	5 - 62
--- Skírteini	5 - 63
--- Leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni ökutæki til mannflutninga án ökumanns	5 - 63
-- Gjöld samkvæmt lögum nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda	5 - 63
5.7 Önnur gjöld	5 - 64
- Afgjald ríkisjarða	5 - 64
- Áhættugjald ríkisábyrgða	5 - 65
- Ábyrgðargjald ríkisábyrgða	5 - 66

- Gjald af umboðsþóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta . . .	5 - 67
- Leyfisgjald af gjaldeyrissölu . . . . .	5 - 68
- Skipagjald . . . . .	5 - 69
- Vitagjald . . . . .	5 - 70
- Skemmtanaskattur . . . . .	5 - 71
- Miðdagjald . . . . .	5 - 73
- Stimpilgjald . . . . .	5 - 74
<b>6. kafli Bótageiðslur samkvæmt tekjuskattslögum . . . . .</b>	<b>6 - 1</b>
- Barnabætur . . . . .	6 - 1
- Barnabótaauki . . . . .	6 - 3
- Vaxtabætur . . . . .	6 - 5
- Húsnæðisbætur . . . . .	6 - 6
<b>7. kafli Ýmis hugtök . . . . .</b>	<b>7 - 1</b>
- Aðför . . . . .	7 - 1
- Ábyrgð á skattskuldum . . . . .	7 - 1
- Álagningarár . . . . .	7 - 2
- Dómveð . . . . .	7 - 2
- Eindagi . . . . .	7 - 2
- Fjárnám . . . . .	7 - 3
- Fógetadómur . . . . .	7 - 3
- Fógetagerðir . . . . .	7 - 3
- Framtal . . . . .	7 - 3
- Fullnustugerðir . . . . .	7 - 3
- Fyrning . . . . .	7 - 3
- Gjaldár . . . . .	7 - 3
- Gjaldheimta . . . . .	7 - 4
- Gjaldprot . . . . .	7 - 4
- Héraðsdómari . . . . .	7 - 4
- Hlutafélag . . . . .	7 - 4
- Innheimtustofnun sveitarfélaga . . . . .	7 - 4
- Innskattur . . . . .	7 - 4
- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga . . . . .	7 - 4
- Kyrrsetning . . . . .	7 - 5
- Kæra . . . . .	7 - 5
- Kærufrestur . . . . .	7 - 5
- Lausnargerð . . . . .	7 - 5
- Lokunaraðgerðir . . . . .	7 - 5
- Lögaðili . . . . .	7 - 6
- Lögpersóna . . . . .	7 - 6
- Löggeymsla . . . . .	7 - 6
- Löghald . . . . .	7 - 6
- Lögtak . . . . .	7 - 6
- Lögveð . . . . .	7 - 6
- Nauðungaruppboð . . . . .	7 - 6

- Opinber gjöld	7 - 6
- Rekstrarár	7 - 6
- Ríkisbókhald	7 - 7
- Ríkisendurskoðun	7 - 7
- Ríkisféhirðir	7 - 7
- Ríkislögmaður	7 - 7
- Ríkisskattanevnd	7 - 7
- Ríkisskattstjóri	7 - 7
- Ríkistollanevnd	7 - 8
- Ríkistollstjóri	7 - 8
- Sameignarfélag	7 - 8
- Samningsveð	7 - 8
- Samvinnufélög	7 - 8
- Skattar	7 - 9
- Skattár	7 - 9
- Skattframtal	7 - 9
- Skattkort	7 - 9
- Skattkæra	7 - 9
- Skattrannsóknarstjóri	7 - 9
- Skattstjóri	7 - 9
- Skattumdæmi	7 - 10
- Skattyfirvöld	7 - 10
- Skuldajöfnuður	7 - 10
- Staðgreiðsla opinberra gjalda	7 - 10
- Tekjuár	7 - 11
- Tekjustofnar ríkisins	7 - 11
- Tekjustofnar sveitarfélaga	7 - 11
- Tollgæslustjóri	7 - 11
- Tollstjóri	7 - 11
- Tvísköttun	7 - 11
- Umboð	7 - 11
- Umboðsmaður Alþingis	7 - 12
- Útskattur	7 - 12
- Útsvarskæra	7 - 12
- Virðisaukaskattur	7 - 12
- Þinggjöld	7 - 12
<b>8. Kafli Viðauki</b>	<b>8 - 1</b>
8.1 Lögbundnir gjalddagar	8 - 1
8.2 Lögbundnir endurgreiðsludagar	8 - 5
8.3 Innheimtumerkingar	8 - 7
8.4 Notandanúmer - auðkenni innheimtumanna	8 - 9
8.5 Forgangsröð um skuldajöfnuð	8 - 11
8.6 Innheimtuembætti	8 - 13
8.7 Skattstofur	8 - 15
8.8 Stofnanir	8 - 16



## Atriðaðaskrá 5. kafla

- Aðstöðugjald	5 - 15
- Aðflutningsgjöld, almennt	5 - 35
- Afgjald ríkisjarða	5 - 64
- Afgreiðslugjöld skipa	5 - 60
- Almanaksjóðsgjald	5 - 42
- Atvinnuleysistryggingagjald	5 - 31
- Aukatekjur ríkissjóðs	5 - 57
- Ábyrgðargjald ríkisábyrgða	5 - 66
- Áhættugjald ríkisábyrgða	5 - 65
- Bensíngjald	5 - 43
- Bifreiðagjald	5 - 32
- Bílaleiguleyfi	5 - 63
- Dómsmálagjöld	5 - 61
- Einkasölugjald	5 - 54
- Eignarskattur	5 - 1
- Endurrit	5 - 61
- Erfðafjárskattur	5 - 12
- Fasteignaskattur	5 - 6
- Firmaskráning	5 - 59
- Flutningsjöfnunargjald af sementi	5 - 49
- Fóðureftirlisgjald	5 - 45
- Fóðurgjald	5 - 41
- Fógetagerðir	5 - 62
- Framkvæmdasjóður aldraðra	5 - 10
- Gjaldeyriviðskipti, gjöld	5 - 67
- Hlutafélög, skráning	5 - 59
- Höfundaréttargjald	5 - 47
- Iðnaðarmálagjald	5 - 17
- Iðnlánasjóðsgjald	5 - 18
- Innköllun til skuldheimtumanna	5 - 62
- Jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta	5 - 44
- Jöfnunargjald	5 - 38
- Jöfnunargjald af kartöflum	5 - 50
- Jöfnunartollur	5 - 51
- Kaupmáli	5 - 60
- Kirkjugarðsgjald	5 - 11
- Launaskattur	5 - 26
- Leyfisgjald af gjaldeyrissölu	5 - 68
- Leyfisgjöld, ýmiskonar	5 - 57
- Lífeyristryggingagjald	5 - 27
- Ljósrit	5 - 61
- Loftfar, skráning á eignarrétti	5 - 60
- Loftfar, skráning til atvinnuflugs	5 - 59
- Loftfar, skráning til einkaflugs	5 - 59

- Löggilding manna til starfa .....	5 - 60
- Lögskráning skipshafnar .....	5 - 61
- Miðagjald .....	5 - 73
- Neyðarleyfisgjald .....	5 - 52
- Notarialgerðir .....	5 - 62
- Póstafgreiðslugjöld .....	5 - 53
- Próf ökumanna .....	5 - 62
- Sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum .....	5 - 48
- Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnaði .....	5 - 5
- Sérstakur eignarskattur .....	5 - 3
- Sérstök skráningargjöld .....	5 - 59
- Skemmtanaskattur .....	5 - 71
- Skilagjald af einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur .....	5 - 46
- Skipagjald .....	5 - 69
- Skipulagsgjald .....	5 - 19
- Skírteinagjöld .....	5 - 59
- Skotvopnaleyfi .....	5 - 63
- Slysatryggingagjald .....	5 - 28
- Staðgreiðsla, launagreiðandi .....	5 - 13
- Stimpilgjald .....	5 - 74
- Tekjuskattur og eignarskattur .....	5 - 1
- Tollur .....	5 - 37
- Tryggingagjald .....	5 - 24
- Uppboðsgerðir .....	5 - 62
- Útflutningsráðsgjald .....	5 - 20
- Útsvar .....	5 - 8
- Vegabréf .....	5 - 59
- Vinnueftirlitsgjald .....	5 - 30
- Virðisaukaskattur, innan lands .....	5 - 21
- Virðisaukaskattur, innflutningur .....	5 - 55
- Vitagjald .....	5 - 70
- Vottorð .....	5 - 60
- Vörugjald .....	5 - 39
- Þinglýsing .....	5 - 62
- Þungaskattur .....	5 - 33
- Ökuskírteini .....	5 - 63

## 1. kafli

# Inngangur

Í júnímánuði 1990 ákvað fjármálaráðuneytið, í samráði við dómsmálaráðuneytið, að skipa nefnd til að sjá um útgáfu á handbók um innheimtu á opinberum gjöldum. Í nefndinni áttu sæti: Bjarnveig Eiríksdóttir, formaður og Sverrir Júlíusson frá fjármálaráðuneyti, Ingi K. Magnússon frá ríkisendurskoðun, Alfred S. Erlingsson frá ríkisbókhaldi og Óli M. Lúðvíksson frá dómsmálaráðuneyti. Í febrúar 1991 lét Bjarnveig Eiríksdóttir af störfum í nefndinni. Við starfi hennar tók Kristján Gunnar Valdimarsson frá fjármálaráðuneyti.

Handbókinni er ætlað að vera innheimtumönnum ríkissjóðs til gagns svo og öðrum þeim sem starfa að innheimtu á opinberum gjöldum. Lög og reglugerðir um skatta og gjöld geta verið flókin. Því hefur verið reynt að hafa umfjöllun um einstök atriði stutt og einföld. Handbókinni er ætlað að vera til notkunar og stuðnings við dagleg störf manna við innheimtu á opinberum gjöldum. Það skal sérstaklega áréttað að handbókin hefur ekki lagagildi. Verði ágreiningur um það sem í bókinni stendur verður að skoða viðkomandi lög og reglugerðir.

Handbókinni er einnig ætlað það hlutverk að samræma vinnubrögð við innheimtu opinberra gjalda þannig að betri árangur náist við innheimtuna. Nauðsynlegt er að samræmdar reglur gildi um framkvæmd og tímasetningu innheimtu, ef ekki er greitt á réttum tíma, til að tryggja jöfnuð í innheimtu gjalda ekki síður en í álagningu þeirra.

Stefnt er að því að gefa út leiðréttingar á bókinni a.m.k. einu sinni á ári eða þegar tilefni þykir til vegna verulegra breytinga.

Þetta er fyrsta útgáfa handbókarinnar. Reynsla manna af notkun hennar mun skera úr um það hvort efnisröðun og fyrirkomulag sé heppilegt, en ólíklegt væri að engir ágallar fyndust. Tillögur að breytingum eða endurbótum eru vel þegnar og skal senda þær til fjármálaráðuneytisins.

Margir hafa lagt hönd á plóginn við gerð bókarinnar og skal þeim þakkað. Sérstakar þakkir fá þeir Asgeir Pétursson, bæjarfógeti í Kópavogi, og Pétur Kr. Hafstein, sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði, fyrir veitta aðstoð.

*Kristján Gunnar Valdimarsson*  
*formaður útgáfunefndar*

## 2. kafli

# Um notkun bókarinnar

Handbókin er byggð þannig upp að auðvelt verði fyrir innheimtumenn ríkissjóðs og starfsmenn þeirra að fletta upp því efni og þeim atriðum, sem nauðsynlegt er vegna starfa sinna við innheimtu á opinberum gjöldum. Hér verður gerð grein fyrir efnisinnihaldi og uppbyggingu hvers kafla.

Í 3. kafla er almennt fjallað um innheimtu opinberra gjalda. Þar segir frá innheimtumönnum ríkissjóðs, réttindum þeirra og skyldum, ásamt stjórnarsýslulegri stöðu þeirra, fjallað er um hlutverk ríkisféhirðis og skil innheimtumanna. Einnig er almenn umfjöllun um álagningu opinberra gjalda, vanskil og lýsing á innheimtuferli. Í kaflanum eru settar ákveðnar verklagsreglur sem innheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að starfa eftir.

Í 4. kafla er fjallað um uppgjör, bókhald og tölvukerfi. Hér er á stuttan og einfaldan hátt gerð grein fyrir uppgjöri og bókhaldi vegna innheimtu opinberra gjalda. Í umfjöllun um tölvukerfi eru gefnar upplýsingar um þau tölvukerfi sem innheimtumenn ríkissjóðs þurfa að nota og hvaða aðilar heimila aðgang að þeim, ásamt upplýsingum um aðila sem gefa út skýringar með hverju kerfi fyrir sig. Það er augljóst að ekki er unnt að hafa í handbókinni leiðbeiningar um hvert tölvukerfi fyrir sig.

Í 5. kafla er yfirlit yfir opinber gjöld. Þessum kafla er skipt í átta undirkafla, þar sem fjallað er um hverja tegund af skatti og gjöldum; tekjuskattur og eignarskattur, persónuskattar, veltuskattar, launatengd gjöld, sérstakir bifreiðaskattar, aðflutningsgjöld, aukatekjur ríkissjóðs og önnur gjöld. Fjallað er um hvert gjald fyrir sig þannig að fyrst eru taldar upp lagaheimildir og reglugerðir, í öðru lagi gjaldskylda, gjaldstofn og álagning, í þriðja lagi gjalddagar, í fjórða lagi innheimtuaðilar og greiðslustaðir, í fimmta lagi innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu, í sjötta lagi fyrning kröfu og loks er liðurinn annað ef ástæða þykir til.

Það á að vera auðvelt að fletta upp hverju gjaldi fyrir sig og fá þar helstu upplýsingar um það. Allir starfsmenn innheimtuembætta ættu því að geta svarað helstu spurningum sem upp kunna að koma um hvert gjald.

Í 6. kafla er gerð grein fyrir ýmsum bótagreiðslum úr ríkissjóði, þ.e. barnabótum, barnabótaauka, húsnæðisbótum og vaxtabótum.

Í 7. *kafli* er gerð grein fyrir helstu lögfræðilegum atriðum og hugtökum varðandi innheimtu opinberra gjalda og tengdum atriðum. Þar er m.a. gerð grein fyrir aðför, barnabótum, lokunaraðgerðum, staðgreiðslu opinberra gjalda o.fl.

Í 8. *kafli* eru ýmsar upplýsingar í aðgengilegu formi. Þar er listi um lögbundna gjalddaga, um lögbundna endurgreiðsludaga, um innheimtu-merkingar og forgangsröðun krafna ríkissjóðs vegna skuldajöfnunar. Þá er skrá yfir helstu samskiptaaðila, aðsetur, póstnúmer og síma. Þessir aðilar eru t.d. fjármálaráðuneytið, ríkisbókhald, innheimtuembætti og skattstofur.

### 3. kafli

## Almennt um innheimtu opinberra gjalda

### 3.1 Innheimtumenn ríkissjóðs, réttindi, skyldur og stjórnsýsluleg staða þeirra

Í skattalögum er jafnan gengið út frá því að sýslumenn og bæjarfógetar geti sem lögreglustjórar farið með innheimtu skatta til ríkissjóðs. Hér er m.a. átt við staðgreiðslu opinberra gjalda, virðisaukaskatt, tryggingagjald, auk ýmissa annarra gjalda. Þegar sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík tollstjóri og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli sinna þessum störfum nefnast þeir innheimtumenn ríkissjóðs. Fjármálaráðherra getur hins vegar ákveðið að fá öðrum aðilum þessa innheimtu eða samið við sveitarstjórnir um sameiginlega innheimtu ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal sérstökum gjaldheimtum. Í Reykjavík annast tollstjóri innheimtu fyrir ríkissjóð, en einnig er þar starfrækt gjaldheimta samkvæmt samningi milli fjármálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar.

Önnur störf sýslumanna og bæjarfógeta eru t.d. lögreglustjórn, tollstjórn, sektarinnheimta, ásamt leyfisveitingum ýmiss konar, t.d. ökuleyfi og skotvopnaleyfi.

Samkvæmt núgildandi lögum fara sýslumenn og bæjarfógetar bæði með dómsstörf og stjórnsýslustörf. Á þessu mun verða breyting hinn 1. júlí 1992, en þá munu þeir eingöngu annast störf á sviði stjórnsýslu.

Forseti Íslands veitir embætti sýslumanna og bæjarfógeta að fenginni tillögu dómsmálaráðherra. Til verksviðs sýslumanna og bæjarfógeta falla ýmis önnur verkefni en heyra undir dómsmálaráðuneyti, svo sem innheimta ríkissjóðstekna og tollamál.

Málefni er varða skatta og tolla, innheimtu tekna ríkissjóðs ásamt eftirliti með innheimtumönnum ríkissjóðs heyrir undir fjármálaráðuneytið, sbr. 5. gr. auglýsingar nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Að því er varðar þessa verkþætti getur fjármálaráðuneytið sett sýslumönnum og bæjarfógetum stjórnsýslufyrirmæli og verklagsreglur sem þeim ber að fara eftir.

Í reglugerð nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs, eru innheimtumönnum settar starfsreglur varðandi innheimtu ríkissjóðstekna. Þar segir m.a. í 17. gr. að innheimtumenn ríkissjóðs skuli heimta inn tekjur þær, sem þeim eru falin innheimta á, svo fljótt sem auðið er eftir að þær falla í gjalddaga. Þá ber innheimtumönnum ríkissjóðs að neyta lögtaks eða annarra lögheimilaðra aðgerða áður en frestur til þeirra er liðinn.

Ef innheimtumenn ríkissjóðs greiða ekki tekjur þær, er þeir eiga að standa skil á til ríkissjóðs, samkvæmt fyrirmælum fjármálaráðuneytis, eða gera ekki reikning á réttum tíma, eða standa í skuld samkvæmt skilagrein þeirri er fram er komin eða ef sjóðþurrð reynist hjá einhverjum embættismanni ríkissjóðs, ber að fara eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 530/1975.

### 3.2 Almennt um álagningu opinberra gjalda

Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands má engan skatt á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Oft er það svo að heimilt er í viðkomandi lögum að setja ákvæði í reglugerð varðandi tiltekin gjöld. Slíkt framsal á lagasetningarvaldi er talið heimilt á grundvelli langrar og athugasemdalausrar venju. Það þarf því í hverju tilviki að skoða viðkomandi lög og reglugerðir. Hér er ekki fjallað um þjónustugjöld til ríkisins. Um skatta og gjöld vísast að öðru leyti til 5. kafla og um skattstjóra, tollstjóra o.fl. til 7. kafla.

### 3.3 Lýsing á innheimtuferli og viðurlög við vanskilum

Hér á eftir verður bæði vikið að lögfræðilegum efnum og verklagsreglum sem heppilegt er að nota við innheimtuna.

Þegar gjalddagi er kominn er fyrst heimilt að krefjast greiðslu skattsins og þá er skuldara skylt að greiða. Greiði skuldari ekki á gjalddaga er um vanefnd að ræða. Þegar svo háttar skal beita ákveðnum vanefndaúrræðum eins og dráttarvöxtum, sbr. hér síðar. Oft er í lögum kveðið á um gjalddaga og eindaga. Að jafnaði merkir eindagi þann dag eftir gjalddaga þegar skuldari má greiða í síðasta lagi án þess að til vanefndaáhrifa komi.

Greiðsla fyrir eindaga telst greidd á réttum tíma, en sé hins vegar ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Ef eindaga ber upp á laugardag, sunnudag eða helgidag flyst hann til næsta virka dags þar á eftir. Það nægir ekki að pósthleggja greiðslu á eindaga, greiðsla verður að hafa borist innheimtumanni eða verið lögð inn á gíróreikning eigi síðar en á eindaga.

Dráttarvextir ákveðnir af Seðlabanka Íslands eru birtir mánaðarlega í Lögbirtingablaði, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Leggja skal áfallna dráttarvexti við höfuðstól og reikna þá af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en í tólf mánuði. Aldrei skal reikna slíka vaxtavexti oftar en á tólf mánaða fresti.

Þegar eindagi er kominn skal senda út aðvörunarbréf um að lögtak verði gert fyrir gjöldunum, ef ekki verði gengið frá greiðslu innan sjö daga, enda sé lögtaksheimild fyrir hendi.

Fyrir lok frestsins hefur innheimtumaður heimild til að semja um greiðslu gjaldanna án lögtaks, þó með þeim takmörkunum að full skil verði gerð innan ársins. Heppilegt er að merkja slíkan samning sérstaklega inn í tölvu, þannig að auðvelt sé að finna hann, sjá nánar lista yfir innheimtumerkingar í kafla 8.3.

Komist innheimtubrúfin ekki til skila skal kanna hvort aðili er fluttur, látinn o.s.frv. Þá þarf að athuga framhaldsmeðferð málsins, t.d. fella niður kröfuna að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins eða senda öðrum embættum til innheimtu. Merkja skal þessa aðila sérstaklega í tölvu með kennitölu þess embættis sem fær kröfuna til innheimtu.

Þegar liðinn er sá frestur sem veittur var samkvæmt aðvörunarbréfinu skal krefjast lögtaks. Innheimtumaður snýr sér til fógeta með lögtaksbeiðni. Þegar um skatta og önnur opinber gjöld er að ræða nægir að auglýsa á þann hátt sem tíðkast um opinberar auglýsingar, að fógeti hafi úrskurðað lögtak á gjöldunum og að lögtak fari fram án frekari fyrirvara. (Um lögtak, sjá nánar 7. kafla.)

Auglýsa skal lögtak a.m.k. viku áður en það á að fara fram. Innheimtumaður þarf að gæta þess að lögtaksréttur fyrnist ekki. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum frá gjalddaga kröfunnar. Það er nóg að lögtaksgerðin sé hafin innan tveggja ára frestsins, þ.e. að hún sé tekin fyrir í fógetaðómi innan frestsins, enda sé henni haldið áfram með hæfilegum hraða. Krafa sjálf fyrnist hins vegar á fjórum árum. (Um fyrningu, sjá nánar 7. kafla.)

Að loknum lögtökum er innheimtumanni afhentar lögtaksbækur ásamt gjaldseðlum. Lögtaksgögn skulu ljósrituð. Lögtakskostnaðurinn, þ.e. kostnaður ríkissjóðs, bílakostnaður, vottagjöld og annar kostnaður, skal færður á viðskiptareikning viðkomandi gjaldanda. Að því loknu skal senda staðlað bréf til allra, sem lögtak var gert hjá, þeim tilkynnt um lögtakið og veittur 10 daga frestur til að gera skil, en ella verði krafist nauðungaruppboðs á hinni lögteknu eign eða gjaldþrotaskipta ef lögtakið hefur reynst árangurslaust. Afrit af lögtaksgögnum fylgi bréfinu. Lögtakinu skal þinglýst.

Ef eigi verða gerð skil að þessum tíma liðnum skal innheimtugjald ríkissjóðs fært í tölvu og krafist uppboðs hjá uppboðsrétti, sem sendir uppboðstilkynningu. Hafi lögtakið reynst árangurslaust skal senda gjaldþrotaskiptabeiðni til skiptaréttar og viðkomandi skuldari boðaður í gjaldþrotaskipti.

Þegar lokunarheimild er fyrir hendi skal innheimtumaður beiðast aðstoðar lögreglu 15 dögum eftir eindaga eða úrskurð skattfyrivalda, til að



loka starfsstöð. Þetta á við um staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald, virðisaukaskatt og vörugjald. Það skal áréttað að heimilt er að beita öðrum úrræðum samhliða lokunaraðgerðum. Ekki má dragast of lengi að beita lokun. Þá skulu innheimtumenn ávallt beita lögtaki samhliða lokunaraðgerðum. (Um lokunaraðgerðir, sjá nánar 7. kafla.)

Sérstaklega skal tekið fram að nauðsynlegt er að fastar reglur gildi um tímasetningu innheimtu, ef ekki er greitt á réttum tíma, til að tryggja jöfnuð í innheimtu ekki síður en álagningu gjaldanna.

Þá skal tekið fram að ákveðið hefur verið að nota ákveðnar skilgreiningar á stöðu innheimtu í innheimtukerfum ríkisins. Þetta gefur möguleika á því að lista innheimtuferlið eftir tímabilum og jafnframt gefur það kost á nákvæmari útprentunum. Nánari útlistun á þessum merkingum eru í lista yfir innheimtumerkingar í kafla 8.3.

### 3.4 Skuldajöfnuður

Skuldajöfnuður er það nefnt þegar kröfur jafnast og ganga upp hver á móti annarri án þess að greiðsla fari fram. Verður niðurstaðan þá hin sama og báðar kröfurnar hefðu verið greiddar svo langt sem skuldajöfnuður nær.

Heimildin til skuldajafnaðar getur annars vegar verið samkomulag aðila, og fer þá um skuldajöfnuð eftir því, en hins vegar getur venjulega hvor aðili um sig krafist þess að skuldajöfnuði sé beitt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem gert er grein fyrir í kaflanum um hugtök.

Almennt er mönnum það í sjálfsvald sett hvort þeir notfæri sér heimild til skuldajafnaðar eða ekki. Þó eru til frávík frá þessu. Í skattalögum er t.d. stundum að finna bein fyrirmæli um að innheimtumenn skuli ætíð skuldajafna tiltekna greiðslur séu skilyrði skuldajafnaðar fyrir hendi. Sem dæmi um þetta má nefna ákvæði 3. mgr. 26. gr. laga um virðisaukaskatt en samkvæmt því skal skuldajafna endurgreiðslu til skattskylds aðila (innskatt umfram útskatt) á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs. Af sama toga eru og fyrirmæli 8. mgr. A-liðar 69. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt um ráðstöfun barnabóta til greiðslu vangoldinna þinggjalda. Í þessu sambandi skal áréttað að eitt megin skilyrðanna fyrir skuldajöfnuði er eins og áður greinir að bæði aðalkrafan og mótkrafan séu í gjalddaga fallnar.

Þegar framangreindum lagaákvæðum og öðrum sambærilegum lögum sleppir á ríkissjóður val um það hvort hann beiti skuldajöfnuði eða ekki. Fjármálaráðuneytið hefur á liðnum árum mælt svo fyrir að greiðslur úr ríkissjóði, sem fara um hendur ríkisféhirðis, skuli að jafnaði ganga til greiðslu á opinberum gjöldum sé um þau að ræða og almenn skilyrði skuldajafnaðar að öðru leyti fyrir hendi. (Sjá lista yfir forgangsroð um skuldajöfnuð í kafla 8.5.)

### 3.5 Hlutverk ríkisféhirðis og skil innheimtumanna

Hlutverk ríkisféhirðis í innheimtugerfinu er að veita viðtöku öllu innheimtufé og sjá til þess að innheimtuaðila skorti ekki fé til þess að geta staðið við greiðsluskuldbindingar ríkissjóðs. Takmarkið er að greiðslustaða ríkissjóðs sé ávallt sem best, að yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands sé sem lægstur og vaxtakostnaður sem minnstur. Enn fremur að staðið sé við skuldbindingar ríkissjóðs.

Til þess að ná takmarkinu skal daglega leggja allt innheimtufé inn á reikning ríkisféhirðis í Seðlabanka Íslands, í stað þess að láta það liggja inni á reikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Til þess að auðvelda þetta verk lætur ríkisféhirðir innheimtuaðilum í té sérprentaða C-gíróseðla með öllum upplýsingum sem á þeim þurfa að vera nema að sjálfsögðu þeirri upphæð sem skilað er. Með þessu vinnst það að greiðandinn þekkist þó svo að afrit af gíróseðli misfarist og fyrirhöfn greiðandans verður í lágmarki. Dagleg skil ættu því ekki að auka innheimtuaðilum vinnuálagið.

Reikningur sá í Seðlabankanum sem innheimtuféð skal lagt inn á er þessi: 0001-26-025017, viðtakandi er ríkisféhirðir, kt. 540269-6459.

Ef innheimtuaðilar þurfa að endurgreiða virðisaukaskatt eða inna af hendi aðrar greiðslur vegna ríkissjóðs umfram handbært innheimtufé geta þeir kallað eftir viðbót frá ríkisféhirði.

## 4. kafli

# Uppgjör, bókhald og tölvukerfi

### 4.1 Bókhald

Bókhald embættisins skal færa daglega inn í BÁR-kerfið, bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins.

Sjóðsuppgjör skal gera daglega sem fylgi fylgiskjölum hvers dags ásamt bankauppgjöri. Sjóðbók skal vera í tvíriti og skal föstu afriti haldið eftir í númeraröð.

Tegundalykill ríkisbókhalds skal vera grundvöllur sundurliðunar á tegundir í BÁR-kerfinu. Efnahagsfærslur skal færa samkvæmt fyrirmælum og uppsetningu ríkisbókhalds.

Fylgiskjöl eiga að vera að baki öllum færslum, sbr. almennar bókhaldsreglur. Þegar millifærslur eða leiðréttingafærslur eru gerðar skal gera þær á sérstök millifærslublöð með viðhlítandi skýringum á færslunum.

Hvert fylgiskjal skal stimplað með þar til gerðum bókunar- og greiðslustimpli og færsluatriðin skráð í stimpilinn eftir því sem við á en önnur atriði færslunnar tekin af fylgiskjalinu. Skýringar skulu vera eins nákvæmar og unnt er. Tilvísunarsvæði ber að nota þar sem því verður við komið.

Allar launagreiðslur embættisins skulu fara í gegnum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis.

Með síðasta færsludegi hvers mánaðar skal gera lokafærslur á efnahagsliði.

Lokafærslum fyrir hvern mánuð skal vera lokið í síðasta lagi fjórða vinnudag næsta mánaðar.

Vanda ber allan frágang fylgiskjala, skrifa þarf númer fylgiskjalaflokks og númer fylgiskjala á bókhaldsmöppur.

Fylgiskjöl skal tölusetja í áframhaldandi óslitinni töluröð í hverjum fylgiskjalaflokki innan sama árs og fylgiskjölin skal geyma í sömu röð.

Afrit af öllum innborgunarkvittunum skal geyma í sér bréfabindi í númeraröð.

Reikningar sem greiddir eru verða að uppfylla formskilyrði reikninga, nafn viðskiptaaðila, kennitölu o.fl. Ekki á að greiða eftir reikningsyfirlitum eða ljósritum. Ef gíróseðlar eru greiddir þarf upprunalegur reikningur að fylgja. Á reikningum skal koma skýrt fram hvað verið er að greiða.

Yfirmaður embættisins skal árita alla reikninga sem greiddir eru, þó er honum heimilt að fela aðalbókara að árita reikninga vegna daglegs rekstrar. Ganga skal frá slíkum heimildum skriflega. Yfirlögregluþjóni ber jafnframt að árita reikninga vegna lögreglu.

Ganga skal frá sérstöku eyðublaði, ferðareikningi, sem ríkisbókhald

gefur út vegna ferða sem farnar eru á vegum embættisins. Sá sem ferðina fór þarf að undirrita ferðareikninginn ásamt yfirmanni stofnunar.

Fé í vörslu embættisins skal geyma á sérstökum bankareikningum en ekki í sjóði þess. Færa skal vörslufjárreikninga upp í bókhaldi embættisins með sérstökum hætti samkvæmt fyrirmælum ríkisbókhalds.

Fylgiskjalaflokkar sem notaðir eru í bókhaldi embættis eru eftirfarandi:

Fylgiskjalaflokkur -03 er fyrir sjóð- og bankafærslur, þ.e. daglegar færslur.

Fylgiskjalaflokkur -06 er fyrir greiðslur vegna Tryggingastofnunar ríkisins.

Fylgiskjalaflokkur -23 er fyrir millifærslur gerðar af embættinu.

Fylgiskjalaflokkur -28 er fyrir færslur frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis.

Fylgiskjalaflokkur -43 er fyrir færslur frá ríkisbókhaldi.

Fylgiskjalaflokkur -91 er fyrir yfirfærslu efnahags á milli ára.

Daglega skal stemma af sjóð og banka samkvæmt bókhaldi við sjóðbók.

Daglega innheimtu skal færa á fjóra aðgreinda viðskiptareikninga samkvæmt fyrirmælum ríkisbókhalds.

1. Innheimta skv. TBI.
2. Innheimta skv. TBI landsskrá.
3. Innheimt staðgreiðsla.
4. Innheimta utan innheimtugerfa.

Daglega skulu athugasemdalistar úr innheimtugerfunum skoðaðir og viðeigandi leiðréttingar gerðar. Stemma verður sjóðtalningu við innheimtu-uppgjör dagsins.

Utskriftir úr innheimtugerfum skal varðveita á eftirfarandi hátt í dagsetningaröð:

Daglega lista úr staðgreiðslukerfinu skal geyma í sér bréfabindi.

Daglega lista úr tekjubókhaldskerfinu skal geyma í sér bréfabindi.

Daglega lista úr innheimtuskilakerfinu fara í sér bréfabindi.

Mánaðarlega lista vegna uppgjors innheimtu úr innheimtugerfum skal geyma í sér bréfabindum í röð eftir mánuðum.

Útskriftir úr bókhaldskerfinu skal varðveita á eftirfarandi hátt í röð eftir mánuðum:

Dagbók verður í sér bréfabindi.

Aðalbók gjalda/tekna og greiðslufirlit viðfangsefna verða í sér bréfabindi.

Aðalbók efnahags og staða viðskiptamanna verða í sér bréfabindi.

Viðskiptayfirlit verða í sér bréfabindi.

## 4.2 Mánaðaruppgjör

- *Uppgjör innheimtu*  
Innheimta mánaðarins er gerð upp þannig að fyrst er innheimta samkvæmt uppgjörslitum innheimtukerfa stemmd af við innheimtu sem færð hefur verið daglega á viðskiptareikninga. Ýmsar millifærslur þarf að gera vegna uppgjors á innheimtu mánaðarins og er vísað til fyrirmæla ríkisbókhalds um færslumeðferð. Skila þarf uppgjóri á innheimtu mánaðarins inn í sérstakt kerfi, Innheimtuskil, þar sem hver skatttegund er sundurliðuð.
- *Ráðstöfunaryfirlit*  
Skila þarf sérstöku uppgjóri til ríkisbókhalds og ríkisendurskoðunar um niðurstöður bókhaldsreikninga. Ráðstöfunaryfirlitið sýnir stöðu efnahagsliða og embættiskostnaðar. Á bakhlið ráðstöfunaryfirlitsins er sundurliðun á viðskiptum embættisins við ríkissjóð. Fylgiskjöl vegna útlagðs fjár embættisins fyrir ráðuneytin skal senda með ráðstöfunaryfirliti til ríkisbókhalds.
- *Sjóðtalning*  
Sjóðtalningu skal skila mánaðarlega til ríkisendurskoðunar á sérstöku eyðublaði.
- *Sjúkratryggingar*  
Senda skal Tryggingastofnun ríkisins uppgjör vegna sjúkratrygginga þrisvar í mánuði, 1.-10., 11.-20. og 21. til loka hvers mánaðar á þar til gerðu eyðublaði, skilagrein. Senda skal alla reikninga sem greiddir hafa verið á tímabilinu og útskriftir af viðskiptareikningum Tryggingastofnunar hjá embættinu.
- *Lífeyristryggingar og atvinnuleysistryggingar*  
Senda verður til Tryggingastofnunar ríkisins uppgjör vegna lífeyristrygginga og atvinnuleysistrygginga einu sinni í mánuði ásamt fylgiskjöllum og viðskiptayfirliti.

eintak til viðkomandi sveitarfélags, til ríkisbókhalds og ríkisendurskoðunar.

- *Uppgjör launaframtals*

Embættin eiga að annast sjálf framtal vegna embættiskostnaðar og senda út launamiða. Ríkisbókhald mun sjá um að skrifa út launamiða vegna þessa og senda embættinu til útsendingar. Embættin verða sjálf að annast framtal og skrifa launamiða vegna framtalsskyldra greiðslna sem færð eru á viðskiptareikninga í bókhaldi embættisins, svo sem launa og aðkeyptrar þjónustu vegna málskostnaðar o.fl. Frumrit launamiða ásamt samdráttarblaði, eyðublað skattstjóra, skal embættið skila til skattstjóra.

#### 4.4 Tölvukerfi

- *Tekjubókhaldskerfi, TBI*

Ríkisbókhald, tekjudeild heimilar og skilgreinir aðgang að kerfinu. Handbók er gefin út af ríkisbókhaldi.

- *Upplýsingakerfi ríkisskattstjóra*

Staðgreiðsla.

Barnabótakerfi.

Álagning.

Ýmislegt.

Önnur kerfi RSK.

Ríkisskattstjóraembættið heimilar og skilgreinir aðgang að kerfinu. Handbók er gefin út af ríkisskattstjóra.

- *Bókhalds- og áætlanagerfi ríkisins, BÁR*

Ríkisbókhald, ráðgjafa- og leiðbeiningadeild heimilar og skilgreinir aðgang að kerfinu.

Handbók er gefin út af ríkisbókhaldi.

- *Tollakerfi*

Ríkistollstjóraembættið heimilar og skilgreinir aðgang að kerfinu. Aðgangsstjórar SKÝRR annast milligöngu um útvegum aðgangs að kerfinu ef þess er óskað.

Leiðbeiningar um notkun kerfisins veitir ríkistollstjóri.

Handbók verður gefin út.

Tollahandbók, tollskrá, er gefin út af ríkistollstjóra.

- *Innheimtuskil*  
Ríkisbókhald, tekjudeild heimilar og skilgreinir aðgang að kerfinu. Leiðbeiningarrit fyrir innheimtuembætti er gefið út af ríkisbókhaldi.
- *Virðisaukaskattskerfi*  
Ríkisskattstjóraembættið heimilar og skilgreinir aðgang að kerfinu. Handbók er gefin út af Ríkisskattstjóra.
- *Álestrarskrá öikumæla*  
Ríkisbókhald, tekjudeild heimilar og skilgreinir aðgang að kerfinu. Leiðbeiningar um notkun eru birtar í hjálpartextum.
- *Bifreiðaskrá*  
Bifreiðaskoðun Íslands heimilar aðgang að kerfinu. Stofnanir ganga frá samningi um notkun kerfisins. Aðgangsstjórar SKÝRR annast milligöngu um útvegum aðgangs að kerfinu ef þess er óskað. Leiðbeiningarrit er gefið út af SKÝRR.
- *Þinglýsingarkerfi*  
Dómsmálaráðuneytið heimilar aðgang að kerfinu. Aðgangsstjórar SKÝRR annast milligöngu um útvegum aðgangs að kerfinu ef þess er óskað.
- *Tékkaeftirlitskerfi*  
Ríkisbókhald, tekjudeild heimilar og skilgreinir aðgang að kerfinu. Leiðbeiningarrit fyrir innheimtumenn er gefið út af ríkisbókhaldi.
- *Lagasafn*  
Aðgangsstjórar SKÝRR opna aðgang að kerfinu. Leiðbeiningarrit er gefið út af SKÝRR.
- *Þjóðskrá*  
Hagstofa Íslands heimilar aðgang að kerfinu. Aðgangsstjórar SKÝRR annast milligöngu um útvegum aðgangs ef þess er óskað. Hver einstaklingur sem fær heimild til að nota kerfið undirritar sérstaka yfirlýsingu þar að lútandi. Leiðbeiningarrit er gefið út af SKÝRR.
- *Skipaskrá*  
Siglingamálastofnun ríkisins heimilar og skilgreinir aðgang að kerfinu. Aðgangsstjórar SKÝRR annast milligöngu um útvegum aðgangs ef þess er óskað. Leiðbeiningarrit er gefið út af SKÝRR.

- *Skyggir*  
Aðgangsstjórar SKÝRR opna aðgang að kerfinu.  
Leiðbeiningarrit er gefið út af SKÝRR.
- *Fasteignaskrá*  
Fasteignamat ríkisins heimilar aðgang að kerfinu. Aðgangsstjórar SKÝRR annast milligöngu um útvegum aðgangs ef þess er óskað.  
Leiðbeiningarrit er gefið út af SKÝRR.
- *Meistarinn*  
Aðgangsstjórar SKÝRR opna aðgang að kerfinu.  
Handbók er gefin út af SKÝRR.



## 5. kafli

# Yfirlit yfir opinber gjöld

## 5.1 Tekjuskattar og eignarskattar

### Tekjuskattur og eignarskattur

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 75/1981, með síðari breytingum.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á mönnum sem eru heimilisfastir hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1981. Þegar framtalsfrestur er liðinn skal skattstjóri leggja tekjuskatt og eignarskatt á skattaðila samkvæmt framtali hans.
3. **Gjalddagar:** Tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.  
Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu, auk mismunar sem fram kemur á álagningu tekjuskatts og staðgreiðslu launamanns, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram. Vangreiðsla á hluta gjalda veldur því að öll gjöld á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið. Gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Vangreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi gjaldfellur allur 1. ágúst.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og gjaldheimtur.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Krafa vegna vangoldins tekjuskatts og eignarskatts nýtur lögtaksréttar.
6. **Fyrning kröfu:** Krafa sem nýtur lögtaksréttar fyrnist á fjórum árum. Lögtaksrétturinn fyrnist á tveimur árum.

7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekju-skatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum. Sjá einnig staðgreiðsla, launagreiðandi, í lok kafla 5.1.

**Skyldur launagreiðanda:** Skyld er launagreiðanda að halda eftir fjárhæð af launum starfsmanns, sem nægir til greiðslu opinberra gjalda hans, þó aldrei hærrí fjárhæð en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til viðkomandi starfsmanns að meðtalinni staðgreiðslu sem skyld er að draga af launum skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, en hún hefur forgang umfram ofangreindar gjaldaskuldir.

Athygli skal þó vakin á því að ofangreind ákvæði hafa engin áhrif á meðferð vanefndrar skattkröfu. Séu gjaldanda reiknaðir dráttarvextir eingöngu vegna vanskila launagreiðanda á innhemtufé ber launagreiðandi ábyrgð á greiðslu þeirra dráttarvaxta. Innhemtufé ber að skila innan sex daga frá útborgunardegi.

## Sérstakur eignarskattur

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöfðu og endurbætur menningarbygginga.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Sérstakur eignarskattur skal frá og með gjaldárinu 1990 lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og skal hann vera þannig:
  - a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.-82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram 4.250.000 kr. Skattskyld mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1990 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1990. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs né heldur þá menn sem nutu örorkulífeyris skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, á því tekjuári sem næst er á undan álagningarári.
  - b. 0,25% á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga, ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 80.-82. gr. greindra laga.
3. **Gjald dagi:** Ákvæði VIII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa sérstaka eignarskatts eftir því sem við á.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaðir:** Sýslumenn, bæjarfógetar og gjaldheimtur.
5. **Innheimta, þvingunarúrræði og trygging kröfu:** Ákvæði VIII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa sérstaka eignarskatts eftir því sem við á. Kröfur um sérstakan eignarskatt njóta lögtaksréttar.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.

7. **Annað:** Lögin falla úr gildi 31. desember 1999. Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 83/1989.

## Sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 110/1990, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu [1991] greiða sérstakan eignarskatt.  
Skattskyldan hvílir á aðilum sem eru skattskyldir samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.  
Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok [1990] á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádrögnum afgangskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.  
Sérstakur eignarskattur skal nema 1,5% af skattstofni. Skattinn skal leggja á í heilum tug króna þannig að lægri fjárhæð en 10 krónum sé sleppt. Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 4.000 kr., skal fella niður við álagningu.
3. **Gjalddagi:** Ákvæði VIII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé kveðið á í lögum nr. 110/1990.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og gjaldheimtur.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Ákvæði VIII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé kveðið á í lögum nr. 110/1990. Kröfur um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði njóta lögtaksréttar.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 110/1990.

## Fasteignaskattur

1. **Lagaheimild:** II. kafli laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Á allar fasteignir, sem metnar eru af Fasteignamati ríkisins skal árlega leggja skatt til sveitarfélags þar sem fasteignin er. Stofn til álagningar skattsins á hús og mannvirki skal vera afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Stofn til álagningar á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Skatturinn skal vera sem hér segir:
  - a. *Allt að 0,5% af álagningarstofni:* Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
  - b. *Allt að 1% af álagningarstofni:* Allar aðrar fasteignir.

Í 5. gr. laganna er kveðið á um að eftirtaldar fasteignir séu undanþegnar fasteignaskatti: Sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, kirkjur, skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipsbrotsmanna-skýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkja-erindum. Sama gildir um lóðir þessara húsa.
3. **Gjalddagi:** Sveitarstjórn kveður á um hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn sé greiddur með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga. Um dráttarvexti gilda ákvæði III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sendir eru út gíróseðlar til gjaldenda ef innheimtumönnum ríkissjóðs hefur verið falin innheimta fasteignagjalda. Hægt er að greiða í bönkum, sparisjóðum, pósthúsum og hjá viðkomandi innheimtumanni.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Innheimtu skattsins getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtuaðilum. Réttindi og skyldur sem innheimtumenn sveitarsjóðs hafa lögum samkvæmt, svo og allar heimildir sem þeim eru veittar til þess að framfylgja innheimtunni, skulu falla til þessara aðila. Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni

---

hvíla. Ef hús brennur eftir að skattur er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins. Krafa um fasteignaskatt nýtur lögtaksréttar.

6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekju- skatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 90/1990.

## Útsvar

1. **Lagaheimild:** IV. kafli laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum nr. 90/1990.

Hver maður skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fer það eftir lögheimili 1. desember á tekjuári. Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

Stofn til álagningar útsvars skal vera hinn sami og tekjuskattsstofn, sbr. 1. og 3. tölul. 62. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattstjórar annast álagningu útsvars og skal það vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi. Útsvar af tekjum barna skal vera 2%.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert með hvaða hundraðshluta lagt verði á tekjur manna á næsta ári.

3. **Gjalddagi:** Hver gjaldandi skal á tekjuárinu inna af hendi bráðabirgðagreiðslu upp í útsvar samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þeir gjaldendur, sem reynast skulda útsvar að lokinni álagningu opinberra gjalda, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða það sem vangoldið er á sömu gjalddögum og eftirstöðvar tekjuskatts, sbr. 4. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði um fyrirframgreiðslu tekjuskatts í 1.-3. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu gilda um þann hluta útsvars sem stafar af öðrum tekjum en launatekjum. Um dráttarvexti gilda ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu útsvara. Réttindi og skyldur sem innheimtumenn sveitarsjóða hafa lögum samkvæmt, svo og allar heimildir sem þeim eru veittar til þess að framfylgja innheimtunni, skulu falla til þessara aðila.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Krafa um útsvar ásamt dráttarvöxtum nýtur lögtaksréttar. Um innheimtu, dráttarvexti



---

og innheimtuúrræði gilda ákvæði laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksrétturinn fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekju-skatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 90/1990.

## Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 82/1989, um málefni aldraðra.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Leggja skal sérstakt gjald á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema [2.500] kr. á hvern gjaldanda. Fjárhæð gjaldsins skal breytast árlega í samræmi við breytingar er kunna að verða á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti við álagningu á árinu 1990, miðað við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. desember 1988 (124,9 stig) til 1. desember 1989. Við álagningu 1991 er gjaldið 3.485 kr.  
Undanþegnir gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur [647,861] kr. eða lægra á tekjuárinu 1990. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtu-hlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.  
Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.
3. **Gjalddagi:** Er einungis einn, 1. ágúst ár hvert. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst færist gjalddagi til 1. dags næsta mánaðar eftir framlagningu álagningarskrár.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og gjaldheimtur.
5. **Innheimta, þvingunarúrræði og trygging kröfu:** Við álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og um álagningu og innheimtu tekjuskatts og eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981 eftir því sem við á. Kröfur um gjald í framkvæmdasjóð aldraðra njóta lögtaksréttar.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 82/1989.

## Kirkjugarðsgjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 21/1963, um kirkjugarða, sbr. lög nr. 89/1987.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Tekjur kirkjugarða o.fl. skulu vera 1,5% af aðstöðugjöldum á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins. Ef tekjur hrökkva ekki til er kirkjugarðsstjórn heimilt að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðshluta af aðstöðugjöldum fyrir eitt ár í senn, í allt að 4%.  
Ef tekjur fara verulega fram úr áætluðum gjöldum það ár getur kirkjumálaráðuneytið heimilað hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægri hundraðshluta af aðstöðugjöldum.
3. **Gjalddagi:** Sami og aðstöðugjalds. Sjá nánar aðstöðugjald, í kafla 5.2.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Innheimtuaðilar aðstöðugjalds skulu innheimta þann hluta kirkjugarðsgjaldsins sem reiknast af aðstöðugjöldum. Almenna reglan er sú að gjaldinu skal skilað mánaðarlega til viðkomandi kirkjugarðsstjórnar.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Kirkjugarðsgjöld reiknuð af aðstöðugjöldum eru lögtakskræf.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Innheimtuáðilum er heimilt að taka 1% í innheimtulaun. Ef innheimtumaður ríkissjóðs innheimtir kirkjugarðsgjald renna innheimtulaunin í ríkissjóð. Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 21/1963.

## Erfðafjárskattur

- Lagaheimild:** Lög nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, sbr. lög nr. 114/1989.
- Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Af öllum fjárverðmætum, er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans, skal greiða erfðafjárskatt eftir lögnum, enda fari búskiptin fram hér á landi, þó með vissum undantekningum sem nánar eru tilgreind í lögnum.  
Á sama hátt skal greiða skatt af gjafaarfi, dánargjöfum, fyrir fram greiddum arfi og gjöfum þar sem gefandi hefur áskilið sér not eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma sem ekki er á enda við fráfall hans.  
Af öllum fasteignum hér á landi, sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs, skal greiða skatt eftir lögum um erfðafjárskatt án tillits til þess hvar aðilar að ráðstöfuninni eru búsettir.  
Gjaldstofnar eru ákveðnir í 9. gr. laganna.  
Í 4. gr. er kveðið á um hverjir skulu ekki greiða erfðafjárskatt, en þeim sem gert er að greiða hann er skipt í þrjá flokka eftir tengslum við arfláta.
- Gjalddagi:** Erfðafjárskatt skal greiða við lok skipta viðkomandi dánarbús og skal hann reiknaður út miðað við verðmæti arfs hvers erfingja á gjalddaga skattsins.
- Innheimtuaðili og greiðslustaðir:** Skiptaráðandi er innheimtumaður ríkissjóðs að því er erfðafjárskatt varðar.
- Innheimta, þvingunarrúrræði og trygging kröfu:** Ef erfðafjárskattur hefur eigi verið greiddur innan tveggja vikna frá gjalddaga skulu innheimtir til viðbótar dráttarvextir. Um dráttarvexti gilda vaxtalög nr. 25/1987. Krafa um greiðslu skattsins nýtur lögtaksréttar.  
Erfingjar eru ábyrgir fyrir greiðslu erfðafjárskatts einn fyrir alla og allir fyrir einn, með þeim takmörkun þó að ekki verður innheimt hjá neinum meira en svarar heildararfi hans samkvæmt skiptagerð viðkomandi dánarbús.
- Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
- Annað:** Félagsmálaráðuneytið gefur árlega út auglýsingu um breytingu á grunnfjárhæðum í þessum lögum.

## Staðgreiðsla, launagreiðandi

- Lagaheimild:** Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lög nr. 90/1987, nr. 42/1988, nr. 78/1989 og nr. 111/1990. Reglugerð nr. 183/1990, um skil á staðgreiðslu, reglugerð nr. 539/1987, um launabókhald í staðgreiðslu, reglugerð nr. 37/1989, um greiðslur samkvæmt 38. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.
- Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Launagreiðandi samkvæmt lögnum telst hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar greiðslur sem teljast laun samkvæmt 5. gr. Launagreiðanda ber að reikna staðgreiðslu launamanns vegna greiðslutímabilsins að teknu tilliti til persónuafsláttar og sjómannaafsláttar þar sem hann á við.  
Hver sá sem innir af hendi í fyrsta sinn launagreiðslu, sbr. 5. gr., verður þar með launagreiðandi og skal innan átta daga senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og kennitala launagreiðandans.  
Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega það fé sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir á greiðslutímabilum næstliðins mánaðar samkvæmt ákvæðum 15.-17. gr.  
Launagreiðandi ber ábyrgð á þeim opinberu gjöldum sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt lögnum. Launamaður ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans. Launagreiðandi og launamaður bera hins vegar óskipta ábyrgð á vanteknum opinberum gjöldum.
- Gjalddagi:** Gjalddagi greiðslu er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.
- Innheimtuaðili og greiðslustaðir:** Sýslumenn og bæjarfógetar og gjaldheimtur. Sendir eru gíróseðlar til launagreiðenda og er því einnig hægt að greiða í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum.
- Innheimta, þvingunarúrræði og trygging kröfu:** Hafi launagreiðandi eigi greitt á eindaga skal hann sæta álagi samkvæmt 28. gr. Í fyrsta lagi álagi sem nemur 1% af upphæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki herra en 10%. Í öðru lagi álagi fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Álag skal vera hið sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður.  
Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara.  
Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launa-

greiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekju-skatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 45/1987.

## 5.2 Veltuskattar

### Aðstöðugjald

1. **Lagaheimild:** V. kafli laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga.

2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögnum.

Undanþegningir eru þeir sem um ræðir í 1.-4. tölul. og 6. tölul. 4. gr. laga nr. 75/198, um tekjuskatt og eignarskatt, þ.e. þeir sem greiða landsútsvar samkvæmt 9. gr. (undanþága olíufélaganna nær þó aðeins til olíu og olíuvara) og starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa (undanþága mjólkurbúa nær þó aðeins til framleiðslu mjólkur- og mjólkurafurða).

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1981 en frá honum dregst tekjufærsla samkvæmt sömu grein. Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981, enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar sem umfram er heildartekjur og telst tekjufærsla samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1981 þá ekki til heildartekna.

Hámark aðstöðugjalds skal vera 1,3% af aðstöðugjaldsstofni. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða mismunandi gjaldflokka aðstöðugjalds eftir tegundum atvinnurekstrar innan framangreindra takmarka.

Ákvæði VIII.- XIV. kafla laga nr. 75/1981 gilda um álagningu og innheimtu eftir því sem við á.

3. **Gjalddagi:** Gjaldandi skal greiða fyrir fram ákveðinn hundraðshluta upp í aðstöðugjald þar til álagning liggur fyrir. Þessi hundraðshluti er ákveðinn árlega. Álagt aðstöðugjald að frádreginni fyrirframgreiðslu skal greiða á sömu gjalddögum og tekjuskatt og eignarskatt.

Vangreiðsla að hluta veldur því að aðstöðugjald gjaldandans í heild fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið. Sé aðstöðugjald gjaldanda hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sveitarstjórn innheimtir gjaldið, en getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu þess.

5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Heimilt að gera lögtak fyrir skuldinni. Um dráttarvexti gilda ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekju-skatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 90/1990.



## Iðnaðarmálagjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 48/1975, um iðnaðarmálagjald.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Gjaldið er 0,1% af gjaldstofni og er lagt á allan iðnrekstur, sem af er greitt iðnlánasjóðsgjald, sjá iðnlánasjóðsgjald. Gjaldstofn er sá sami og aðstöðugjaldsstofn, sjá aðstöðugjald. Undanþeginn gjaldinu eru fyrirtæki sem að öllu leyti eru eign opinberra aðila og fyrirtæki, sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé getið í þeim lögum.
3. **Gjalddagi:** 1. ágúst, en er innheimt á sömu gjalddögum og þinggjöld.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaðir:** Sýslumenn, bæjarfógetar og gjaldheimtur.
5. **Innheimta, þvingunarúrræði og trygging kröfu:** Kröfur um iðnaðarmálagjald njóta lögtaksréttar.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 48/1975.

## Iðnlánasjóðsgjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 76/1987, um Iðnlánasjóðs og lög nr. 117/1990.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Gjaldið er 0,18% og er innheimt af iðnaðinum í landinu. Gjaldstofn er sá sami og aðstöðugjald samkvæmt lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, sjá aðstöðugjald. Undanþegin gjaldinu eru mjólkurbú svo og allur kjöt-og fiskiðnaður, þó ekki lagmetisiðnaður.
3. **Gjalddagi:** 1. ágúst, en er innheimt á sömu gjalddögum og þinggjöld.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaðir:** Sýslumenn, bæjarfógetar og gjaldheimtur.
5. **Innheimta, þvingunarúrræði og trygging kröfu:** Kröfur um iðnlánasjóðsgjald njóta lögtaksréttar.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekju-skatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 76/1987.

## Skipulagsgjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 19/1964, sbr. reglugerð nr. 167/1980.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn, álagning:** Innheimta skal í ríkissjóð sérstakt gjald, skipulagsgjald, sem nema má allt að 3% af brunabótamati hverrar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað.  
Brunabótafélög og umboðsmenn þeirra skulu skriflega tilkynna innheimtumanni fjárhæð brunabótavirðingar nýreists húss, þegar eftir að virðing hefur farið fram og skulu þar veita honum greiðan aðgang að skjölum sínum og bókum um brunabótavirðingu nýreistra húsa.
3. **Gjalddagar:** Gjaldið fellur í gjalddaga þegar brunabótavirðing hefur farið fram.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Skipulagsgjald hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki. Um dráttarvexti gilda vaxtalög nr. 25/1987 með síðari breytingum.
6. **Fyrning kröfu:** Krafa sem nýtur lögtaksréttar fyrnist á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Byggingar á lögbylum og þéttbýliskjörnum með 50 íbúa eða færri eru ekki skipulagsgjaldsskyldar (4. gr.).

## Útflutningsráðsgjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, sbr. lög nr. 38/1991.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Útflutningsráðsgjald er sérstakt gjald sem lagt er á aðstöðugjaldsstofn gjaldskyldra aðila. Gjaldskyldir eru þeir aðilar sem hafa á hendi eftirfarandi atvinnurekstur:
  - Fiskvinnsla og iðnaður, þ.m.t. byggingarstarfsemi, 0,05%.
  - Fiskveiðar 0,03%.
  - Flutningar á sjó og flugrekstur, 0,01 %. Þó eru strandflutningar og innanlandsflug undanþegið.
  - Aðrir aðilar sem kjósa að gerast aðilar að Útflutningsráði.
3. **Gjalddagi:** Ákvæði VIII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa gjalds.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaðir:** Sýslumenn, bæjarfógetar og gjaldheimtur.
5. **Innheimta, þvingunarúrræði og trygging kröfu:** Ákvæði VIII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa gjalds. Kröfur um útflutningsráðsgjald njóta lögtaksréttar.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 114/1990.

## Virðisaukaskattur

- Lagaheimild:** Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 110/1988, nr. 78/1989, nr. 119/1989, nr. 106/1990 og nr. 109/1990.
- Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Virðisaukaskattur er greiddur af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi á vöru og þjónustu. Ekki skiptir máli hvort um er að ræða sölu á nýjum eða notuðum vörum eða hvort afhending er gegn endurgjaldi eða ekki. Um skattverð sjá 7.-10. gr. laganna. Um undanþegna vinnu og þjónustu (útskattur undanþeginn) sjá 2. og 3. mgr. 2. gr. Um aðila undanþegna skattskyldri veltu (útskattur undanþeginn og innskattur fráðreginn) sjá 12. gr. Uppgjörstímabil eru, sbr. 24. gr.:
  - Almennt uppgjörstímabil er tveir mánuðir, janúar-febrúar, mars-apríl o.s.frv.
  - Styttri uppgjörstímabil, ein vika upp í einn mánuð ef innskattur er að jafnaði hærri en útskattur vegna undanþágu frá skattskyldri veltu, t.d. útflutningsatvinnuvegirnir.
  - Sérregla um landbúnað (31. gr.), uppgjör tvisvar á ári vegna janúar-júní og júlí-desember.
  - Sláturleyfishafar geta fengið heimild skattstjóra til að skila á ári hverju tveim sérstökum bráðabirgðaskýrslum vegna innskatts af innlögðum sauðfjárafurðum. Uppgjörstímabil eru 1. sept. til og með 15 okt. og 1. nóv. til og með 15. des., sbr. reglugerð nr. 419/1990, um breyting á reglugerð nr. 529/1989.
  - Fiskvinnslufyrirtæki hafa heimild til sérstaks bráðabirgðauppgjors vegna innskatts af hráefni, sjá reglugerð nr. 563/1989, um uppgjör, uppgjörstímabil og skil fiskvinnslufyrirtækja.
  - Sérákvæði um innflutning. Vörur (34.-37. gr.): Skattur innheimtur með aðflutningsgjöldum, samanber þó reglugerð nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli, með síðari breytingum. Þjónusta: skattur innheimtur skv. II. kafla reglugerðar nr. 194/1990 um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og aðkeyptri þjónustu erlendis frá.
- Gjalddagi:** Gjalddagi er jafnframt eindagi og þá skulu skattskyldir aðilar ótilkvaddir greiða þann skatt sem þeim lögum samkvæmt ber að standa skil á. Skattinum ásamt skýrslu skal skila eigi síðar en á fimmta degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Ef frídagur, þá á næsta virka degi. Gjalddagar eru því: 5. febrúar, 5. apríl, 5. júní, 5.

ágúst, 5. október og 5. desember. Ef innskattur er hærri er útskattur skal eigi að síður skila skýrslu til skattstjóra. Einnig skal skila innheimtumanni eða skattstjóra skýrslu þó ekki hafi verið um skattskylda veltu að ræða á viðkomandi tímabili. Aðilar á landbúnaðarskrá skila 1. sept. vegna fyrri hluta árs og 1. mars vegna síðari hluta árs. Um heimild bænda til aukauppgjörs sjá 9. gr. reglugerðar nr. 529/1989.

#### 4. Innheimtuaðili og greiðslustaður: Greiða skal:

- Í banka, sparisjóði eða pósthúsi í síðasta lagi á gjalddaga.
- Hjá innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga.
- Póstlögð greiðsla skal hafa borist innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga.

Sérstakar innheimtureglur gilda vegna dansleikja og annars samkomuhalds þegar ekki er um að ræða samkomuhús með fastan rekstur, þ.e. innheimt á staðnum um leið og skemmtanaskattur, sjá nánar reglugerð nr. 58/1991. Ef skemmtanaskatturinn er ekki innheimtur skal gera skil á virðisaukaskattinum á venjulegan hátt.

#### 5. Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:

*Álag:* Ef ekki er greitt á réttum tíma, skýrslu ekki skilað inn, henni er ábótavant, eða endurgreiðsla innskatts hefur verið of há. Álag er 2% af vangreiddri fjárhæð, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó aldrei hærra en 20%.

*Dráttarvextir:* Ef ekki er greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, í samræmi við ákvörðun Seðlabankans hverju sinni. Sama gildir hafi endurgreiðsla reynst of há.

*Stöðvun atvinnurekstrar:* Ef skatturinn, álag eða dráttarvextir er ekki greitt á tilskildum tíma getur innheimtumaður látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skuldarans, m.a. með því að innsigla starfsstöð, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur, þar til full skil hafa verið gerð. Þótt áfrýjun eða deila standi yfir um skattskyldu frestar slíkt ekki gjalddaga né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu. Innskatt sem aðili á að fá endurgreiddan skal skuldajafna á móti kröfum um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs. Lögtaksréttur fylgir kröfu um virðisaukaskatt, álag, dráttarvexti og kröfu um endurheimtu of hárra endurgreiðslna.

#### 6. Fyrning kröfu: Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.

7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur út sérprentun laga og reglugerða um virðisaukaskatt.

## 5.3 Launatengd gjöld

### Tryggingagjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Launagreiðendur skulu inna af hendi tryggingagjald af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum nr. 113/1990. Lög um tryggingagjald tóku gildi 1. janúar 1991. Tryggingagjald kemur í stað fimm eldri gjalda sem eru: launaskattur, lífeyristryggingagjald, slysatryggingagjald, vinnueftirlitsgjald og atvinnuleysistryggingagjald.

Tryggingagjald er lagt á í tveimur gjaldflokkum: 2,5% í sérstökum gjaldflokki og 6% í almennum gjaldflokki. Í sérstökum gjaldflokki eru atvinnugreinar sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað, samkvæmt 1., 2., eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, eða landbúnað, þ.m.t. skógrækt, fiskeldi, fiskrækt, jarðræktarframkvæmdir og byggingarframkvæmdir á bújörðum. Í almennum gjaldflokki eru allar aðrar gjaldskyldar atvinnugreinar. Hver sá aðili sem innir af hendi eða reiknar greiðslur sem teljast laun er gjaldskyldur samkvæmt lögum nr. 113/1990.

Gjaldskyldir eru því allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir, stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og þeir sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi. Undanþegnir gjaldskyldu eru m.a. forseti Íslands og erlendir þjóðhöfðingar, sjá nánar 5. gr. laga nr. 113/1990.

Gjaldstofn tryggingagjalds nær til allra launa eða þóknana fyrir starf hverju nafni sem nefnist og skattskyld er samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Ekki skiptir máli í hvaða gjaldmiðli galdið er, hvort er í reiðufé, fríðu, hlunnindum, vöruúttekt eða vinnuskiptum. Gjaldstofn manns sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafn fjárhæð reiknaðs endurgjalds sem hann telur sér til tekna samkvæmt 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og sama á við um reiknað endurgjald maka hans og barna innan 16 ára aldurs. Undanþegið frá greiðslu tryggingagjalds er t.d. eftirlaun og lífeyrir sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóðir greiða, sjá nánar 9. gr. laga nr. 113/1990.



3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Greiðslutímabil er almanaks-mánuður og gjalddagi er 1. hvers mánaðar vegna launa næstliðins mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Undantekning er þó frá þessari reglu ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun ná eigi til samans 360.000 kr. á árinu. Er gjaldanda þá heimilt að senda skilagrein ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða. Einnig gildir sú regla að nái reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun ekki 30.000 kr. að meðaltali á mánuði er gjaldanda heimilt að senda skilagrein og greiðslu á gjalddaga þess mánaðar þegar sam-  
anlagt reiknað endurgjald og greidd laun til annarra ná 360.000 kr., en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs.  
Ríkisskattstjóri ákveður hvað skuli koma fram í skilagreinum og greiðsluskjölum. Varðandi þau atriði sem lög nr. 113/1990 taka ekki til gilda lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar, tollstjórinn í Reykjavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Sendir eru gíró-seðlar til launagreiðenda og er því einnig hægt að greiða í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Um innheimtu tryggingagjalds gilda lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Hafi gjaldandi ekki greitt á eindaga skal hann greiða dráttarvexti frá og með gjalddaga. Vanskilafé nýtur lög-taksréttar í eignum skuldara. Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil, innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekju-skatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum, þar á meðal lög nr. 113/1990.

## Launatengd gjöld fram til ársins 1991 - eftirstöðvar

### – Launaskattur

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 14/1965, með síðari breytingum.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Leggja skal á launagreiðendur 3,5% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum. Gjaldskyldan nær til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist. Reiknuð laun þeirra sem hafa atvinnu við eigin rekstur eða sjálfstæða starfsemi telst hér með. Undanþegin skattskyldu eru þó laun fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands og undanþágan nær einnig til starfa við landbúnað. Til launaskattsstofns telst ekki eftirlaun, lífeyrir, fæðingarorlof, né aðrar bætur sem greiddar eru af Tryggingastofnun ríkisins.
3. **Gjalddagi:** Gjalddagi er 1. dagur næsta mánaðar á eftir uppgjörsmánuði, sem er hver almanaksmánuður. Eindagi er 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Undantekning er þó frá þessari reglu ef greidd vinulaun ná ekki ákveðinni fjárhæð (árið 1990 1.402.000 kr.) er launagreiðanda heimilt að greiða einu sinni á ári eins og um laun fyrir desember væri að ræða.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar, tollstjórnin í Reykjavík og lögreglustjórnin á Keflavíkurflugvelli.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Ákvæði 114. gr. laga nr. 75/1981 um ábyrgð á skattgreiðslum og lögtaksrétt gilda um innheimtu launaskatts og dráttarvaxta.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Gjaldið var felld niður 1. janúar 1991.

– **Lífeyristryggingagjald**

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Útgjöld lífeyristrygginga skulu ríkissjóður og atvinnurekendur bera. Framlag atvinnurekanda skal vera 2% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t.d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt samkvæmt lögum nr. 14/1965, með síðari breytingum.
3. **Gjalddagi:** Um gjalddaga fer eftir ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Iðgjöld til lífeyristrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 65 gr. um iðgjöld af öikumönnum bifreiða og ákvæði næstu málsgreinar hér á eftir.  
  
Tryggingastofnun ríkisins innheimtir sjálf iðgjöld sem ríkissjóði ber að greiða. Þá er stofnuninni heimilt að annast sjálf innheimtu iðgjalds tiltekinna ríkisstofnana, svo og annarra aðila, ef það þykir henta.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Ákvæði laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu gjaldsins.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Gjaldið var fellt niður 1. janúar 1991.

– Slysatryggingagjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum, reglugerð nr. 201/1981, um iðgjöld til slysatrygginga skv. 36. gr. ofangreindra laga.

2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Þeir aðilar sem hafa í sinni þjónustu starfsmenn sem falla undir a-lið 1. mgr., sbr. 2.-4. mgr. 29. gr., og að auki þeir iðnmeistarar sem hafa iðnnema á samningi, skulu greiða slysatryggingagjald. Iðnskólar greiða iðgjöld vegna iðnnema sem ekki eru á samningi við meistara.

Gjaldskyldir eru útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar, atvinnurekendur í landbúnaði vegna þeirra sjálfra og maka og barna 12-16 ára og þeir atvinnurekendur, er starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum, og ekki undanskilja sig slíkri tryggingu með áritun á skattframtal.

Gjaldskyldan nær einnig til þeirra sem að staðaldri stunda lausavinnu sem ekki er í sambandi við atvinnurekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu.

Loks nær gjaldskyldan til þeirra sem með áritun á skattframtal óska að tryggja sér slysabætur við heimilisstörf svo og til þeirra atvinnurekenda sem með sama hætti óska að tryggja slysabætur mökum sínum og börnum innan 16 ára sem vinna með þeim að atvinnurekstrinum og atvinnurekenda í landbúnaði, að því er varðar börn innan 12 ára.

Um iðgjöld af trillubátum, bifhjólum, vélsleðum, reiðhjólum með hjálparvél, heimilisdráttarvélum o.fl., svo og af bifreiðum fer samkvæmt reglugerð nr. 15/1990.

Gjaldstofn til slysatryggingagjalds skal vera öll greidd vinnulaun hverju nafni sem nefnast og þær greiðslur sem jafna má til launagreiðslna.

Iðgjald álagt árið [1990] nemur 0,23% af gjaldstofni.

3. **Gjalddagi:** Iðgjöld af skrásettum ökutækjum skulu innheimt árlega fyrirfram ásamt bifreiðagjöldum. Um gjalddaga annarra iðgjalda gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 75/1981.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Önnur iðgjöld en iðgjöld af skrásettum bifreiðum skulu innheimt af þeim aðilum sem innheimta tekju- og eignarskatt. Tryggingastofnun innheimtir iðgjöld sem ríkissjóði ber að greiða og hjá þeim ríkisstofnunum sem hún ákveður.

5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Um dráttarvexti og lögtaksrétt gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 75/1981.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Gjaldið var felld niður 1. janúar 1991.

**- Vinnueftirlitsgjald**

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Gjaldið reiknast í meginatriðum af sama stofni og slysatryggingagjald. Hundraðshluti gjaldsins er ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í senn. Álagt vinnueftirlitsgjald árið [1989] er 0,1%.
3. **Gjalddagi:** Um gjalddaga gilda ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og gjaldheimtur.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Um dráttarvexti og lögtaksrétt gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 75/1981.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fynast á fjórum árum. Lögtaksréttur fynist á tveimur árum.
7. **Annað:** Gjaldið var felld niður 1. janúar 1991.

---

– **Atvinnuleysistryggingagjald**

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Hver launagreiðandi, sem hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára og eldri, er tekur laun samkvæmt kjarasamningi eða launataxta stéttarfélags, sbr. þó 2. og 3. gr., svo og iðnnema, skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs. Skattstjóri leggur gjaldið á og miðast það við unnar vinnuvikur. Á árinu 1990 var gjaldið 82,54 kr. pr. viku.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Greitt eftir á fyrir næstliðið ár, skattstjóri leggur gjaldið á og um gjalddaga fer eftir ákvæðum laga nr. 75/1981.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og gjaldheimtur.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Sömu reglur og gilda um tekju- og eignarskatt samkvæmt lögum nr. 75/1981.
6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Gjaldið var fellt niður 1. janúar 1991.

## 5.4 Sérstakir bifreiðaskattar

### Bifreiðagjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lög nr. 11/1990. Reglugerð nr. 590/1987, um bifreiðagjald og reglugerðir nr. 327/1988 og nr. 539/1990.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Greiða skal til ríkissjóðs bifreiðagjald af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi. Bifreiðagjald miðast við þyngd bifreiðar. Bifreiðagjald breytist í samræmi við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar. T.d. var bifreiðagjald fyrir tímabilið 1.7. 1991 til 31.12. 1991 4,22 kr./kg á fyrstu 1.000 kg, en 50% hærra á hvert kílógramm umfram 1.000 kg, þó að hámarki 12.392 kr.
3. **Álagning og gjalddagar:** Gjaldtímabil bifreiðagjalds eru tvö á ári, þ.e. 1. janúar-30. júní og 1. júlí-31. desember.

Gjalddagi	Eindagi
1. janúar	28. febrúar
1. júlí	31. ágúst

4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar, tollstjórinn í Reykjavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Sendir eru gíróseðlar til gjaldenda og er því einnig hægt að greiða í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Bifreiðagjald skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga. Hafi orðið eigendaskipti að bifreið án þess að þau hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Við árlega aðalskoðun skal færa sönnur á að greitt hafi verið af bifreið gjaldfallið bifreiðagjald. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra.

Sé bifreiðagjald ekki greitt í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er frá og með gjalddaga.

Bifreiðagjald nýtur lögtaksréttar.

6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.



## Pungaskattur

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, og reglugerðir nr. 559/1988, nr. 101/1990, nr. 233/1990, nr. 527/1990 og nr. 248/1991. Reglugerð nr. 273/1988, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, og reglugerðir nr. 571/1988, nr. 632/1989 og nr. 193/1991. Reglugerð nr. 62/1977, um öikumæla, og reglugerð nr. 264/1981.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn, gjalddagar og álagning:** Gjaldskyldar eru allar bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín. Gjaldskylda þungaskatts er tvenns konar. Í fyrsta lagi skal greiða þungaskatt samkvæmt öikumæli af öllum bifreiðum sem eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd. Í öðru lagi eru bifreiðar undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd gjaldskyldar í formi fasts árgjalds sem greiðist tvisvar á ári. Þó er heimilt að greiða þungaskatt samkvæmt öikumæli af þeim bifreiðum sem falla undir síðari flokkinn. Fast árgjald þungaskatts skiptist í tvo gjaldflokka, almennar dísilbifreiðar og svo dísilbifreiðar sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum og greiða 30% hærra gjald. Í öllum þremur gjaldflokkum fer gjaldið hækkandi með aukinni þyngd bifreiðar.

Þungaskattur samkvæmt öikumælum:

Gjaldtímabil	Álestrartímabil	Gjalddagi	Eindagi
11. okt.-10. feb.	20. jan.-10. feb.	11. feb.	31. mars
11. feb.-10. júní	20. maí-10. júní	11. júní	31. júlí
11. júní-10. okt.	20. sept.-10. okt.	11. okt.	30. nóv.

3. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar, tollstjórinn í Reykjavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli. Þá eru sendir út gíróseðlar til gjaldenda og því er einnig hægt að greiða í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum.
4. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Þungaskatt skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýtt, sbr. 7. gr. laga nr. 3/1987. Við aðalskoðun ár hvert skal færa sönnur á að gjaldfallinn þungaskattur hafi verið greiddur, ella skal skoðunarmaður neita um skoðun, taka skráningarmerki af og afhenda lögreglustjóra.

*Dagsektir:* Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja á dagsektir er nemi 180 kr. á dag frá lokum álestrartímabils í allt að 30 daga.

*Viðurlög:* Sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álestrar á tilskildum tíma, skal það varða eiganda og/eða umráðamann viðurlögum er samsvarar allt að 10.000 km akstri á mánuði. Sé um ítrekað brot að ræða mega viðurlög þessi samsvara allt að 15.000 km akstri á mánuði.

*Dráttarvextir:* Sé þungaskattur ekki greiddur í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti frá og með gjalddaga.

*Lögveðsréttur:* Bifreiðin er að veði fyrir ofanefndum gjöldum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

*Lögtaksréttur:* Þungaskatti, dagsektum og viðurlögum fylgir lögtaksréttur.

- 5. Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.

## 5.5 Aðflutningsgjöld

### Almennt um aðflutningsgjöld

Aðflutningsgjöld er samheiti yfir tolla, aðra skatta og gjöld sem innheimt eru við tollmeðferð innfluttrar vöru. Hér er bæði um að ræða gjöld sem einungis eru innheimt af innfluttri vöru, svo sem tollur, jöfnunargjald og fóðurgjald, svo og ýmis gjöld sem bæði leggjast á innflutta vöru og innlenda framleiðsluvöru, svo sem vörugjald, almanaksjóðsgjald, eftirlitsgjald af fóðurvörum og skilagjald af einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur. Þessi síðarnefndu gjöld teljast aðeins til aðflutningsgjalda þegar þau eru innheimt við innflutning. Um innheimtu aðflutningsgjalda gilda ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, en um innheimtu gjalda af innlendri framleiðsluvöru gilda almennt viðkomandi sérlög, sbr. t.d. lög um vörugjald. Af þessu leiðir að við innheimtu sama gjaldsins geta gilt mismunandi reglur eftir því hvort það er innheimt sem aðflutningsgjald við tollmeðferð innfluttrar vöru eða hvort um er að ræða innheimtu vegna framleiðslu eða sölu innlendrar framleiðsluvöru. Sem dæmi má nefna að um innheimtu vörugjalds í tolli gilda tollalög en aftur á móti gilda lög um virðisaukaskatt eftir því sem við getur átt um innheimtu vörugjaldsins af innlendri framleiðslu.

Við innflutning á vöru skal greiða virðisaukaskatt af tollverði skattskyldrar vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð. Virðisaukaskattur af innfluttum vörum er innheimtur með aðflutningsgjöldum. Í XI. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt eru sérstök ákvæði um innflutning.

Hér verður fjallað nánar um einstök aðflutningsgjöld og mun þess sérstaklega getið þegar tiltekið gjald er jafnframt lagt á innlenda framleiðsluvöru.

- Gjalddagi:** Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga er aðflutningsskýrsla ásamt tilskildum gögnum hefur verið afhent tollstjóra, eða leyfi veitt til afhendingar vörunnar, þó ekki síðar en einu ári eftir komu flutningsfars til landsins en þá er eindagi.  
Tollvörugeymslur: Gjalddagi er við úttektarbeiðni en þó eigi síðar en þremur árum eftir komu vörunnar til landsins en þá er eindagi. Lengri frestur er vegna innflutnings á véla- og varahlutum.
- Eindagi:** Aðflutningsgjöld skulu að fullu greidd áður en afhending vörunnar er heimiluð, nema þegar sérreglur gilda um tímabundinn innflutning eða bráðabirgðatollafgreiðslu.

Sjá nánar reglugerð nr. 61/1989, um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda.

3. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Greiðsla aðflutningsgjalda fer fram hjá tollstjóra í því tollumdæmi þar sem afferma á vöru, nema þegar ótollafgreidd vara er framsend í annað tollumdæmi. Gjöld af póstsendingum greiðast í viðkomandi pósthúsi.
4. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Sá ber ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda sem kemur fram gagnvart tolfyrvaldi vegna tollmeðferðar á vöru. Ef innflytjandi eða viðtakandi er annar en sá sem kemur fram gagnvart tolfyrvaldi bera þeir ábyrgð in solidum á greiðslu aðflutningsgjalda. Dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabankans reiknast sem dagvextir frá eindaga og fram að greiðsludegi. Stöðva skal tollafgreiðslu 15 dögum eftir að tilkynning um vanskil á aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, viðurlögum eða öðrum kostnaði hefur verið send innflytjanda. Lögveð er í aðfluttri vöru fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði og gengur það fyrir öðrum veðum. Tollstjóra er heimilt að halda uppboð og selja ótollafgreidda vöru vegna vanskila án undanfarandi lögtaks eða fjárnáms eða, ef ekki næst í vöruna, gera fjárnám í öðrum eigum þess er ábyrgur er fyrir greiðslu. Um sektir vegna rangrar eða villandi skýrslugjafar o.fl. sjá XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987. Heimilt er að gera lögtak til fullnustu aðflutningsgjalda, sjá nánar um lögtak í 7. kafla.

## Tollur

- 1. Lagaheimild:** Tollalög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987 og lög nr. 40/1989, um breytingu á þeim, ásamt viðauka I (tollskrá), sbr. lög 96/1987, ásamt auglýsingum nr. 12/1988, nr. 96/1988, nr. 95/1989 og nr. 96/1989, um breytingar á Viðauka I (tollskrá) við lög nr. 55/1987 og lög 96/1987.  
Tollskráin er gefin út af ríkistollstjóra í formi handbókar, Tollahandbók II.
- 2. Gjaldskylda og gjaldstofn:** Tollur er innheimtur af innfluttri vöru samkvæmt tollskrá. Um tollfrelsi, undanþágur o.fl. sjá 2.-7. gr. laganna og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tollur er lagður á tollverð innfluttrar vöru, sbr. 8.-10. gr. laganna og reglugerð nr. 395/1987, um tollverð og tollverðsákvörðun.
- 3. Annað:** Sjá aðflutningsgjöld.

## Jöfnunargjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 78/1980, um jöfnunargjald, sbr. lög nr. 108/1990 og reglugerð nr. 344/1989, um jöfnunargjald, sbr. reglugerðir nr. 292/1990 og nr. 387/1990.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Jöfnunargjald er lagt á tollverð innfluttra vara. Gjaldið er lagt á vörur þær er taldar eru upp í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 344/1989, um jöfnunargjald. Ekki skal innheimta gjaldið af vörum þeim sem tollfrjálsar eru samkvæmt 5. gr. tollalaga eða undanþegnar samkvæmt 6. gr. sömu laga né heldur af vörum sem heimilt er að fella niður aðflutningsgjöld af samkvæmt ákvæðum annarra laga.  
Gjaldið skal vera 4% frá 1. janúar til 1. september 1991 og 3% frá 1. september til 31. desember 1991, en frá 1. janúar 1992 fellur gjaldið niður.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Gjaldið skal inna af hendi við tollafgreiðslu sem önnur aðflutningsgjöld. Sjá aðflutningsgjöld.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Viðkomandi tollstjóri. Sjá aðflutningsgjöld.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Sjá aðflutningsgjöld.
6. **Annað:** Frá og með 1. janúar 1992 falla lög um jöfnunargjald úr gildi.

## Vörugjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 97/1987, um vörugjald, lög nr. 95/1988, 4. gr. laga nr. 51/1989 og reglugerð nr. 407/1989, um vörugjald.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Vörugjald er greitt af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru eða fá einhverja vinnslu hér á landi. Vörugjald telst til aðflutningsgjalda þegar það er lagt á við innflutning, sbr. skilgreiningu í 1. gr. tollalaga. Gjaldið er innheimt í tveimur gjaldflokkum og að auki er tekið tillit til áætlaðrar heildsöluálagningar innfluttu vörunnar þannig að við tollafgreiðslu er sérstakt álag, sbr. reglugerð nr. 407/1989:
  - Af vörum í viðauka I í reglugerð nr. 407/1989 skal greiða 9% gjald þegar um innlenda framleiðslu er að ræða og af innfluttri vöru er gjaldið 25% hærra eða 11,25%.
  - Af vörum í viðauka II skal greiða 25% gjald af innlendri framleiðslu og af innfluttri vöru 31,25%.

Gjaldstofn við innflutning er tollverð vörunnar að viðbættum tolli. Önnur aðflutningsgjöld teljast ekki með í gjaldstofni. Greiðsluskyldan hvílir á innflytjanda.

Gjaldstofn við innheimtu af innlendri framleiðslu er heildsöluverð vörunnar, þ.e. það gjald sem greitt er eða greiða ber til smásala. Selji framleiðandi vöruna frá verksmiðju til heildsala skal reikna gjaldið af verksmiðjuverðinu. Greiðsluskyldan hvílir á þeim sem framleiða, vinna eða pakka vörunni en jafnframt er heimilt að draga frá það vörugjald sem sannanlega var greitt af hráefni og aðföngum á uppgjörstímabilinu. Enn fremur eru greiðsluskyldir þeir sem annast heildsöludreifingu vöru sem framleidd er, unnið er að eða pakkað hér á landi. Heimilt er að draga frá við uppgjör það vörugjald sem þegar hefur verið greitt. Uppgjörstímabil innlendra framleiðslu, aðvinnslu og pökkunar eru tveir mánuðir í senn, janúar og febrúar, mars og apríl o.s.frv.

3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Á gjalddaga innlendra framleiðslu skal jafnframt skila vörugjaldsskýrslu. Ef skýrslu er ábótavant er vörugjald áætlað, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 407/1989.  
*Innflutningur:* Við tollafgreiðslu. Sjá aðflutningsgjöld.  
*Innlend framleiðsla:* 15. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils, þ.e. 15. feb. 15. apríl, 15. júní o.s.frv. Ef frídagur, þá á næsta virkum degi.

4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar, tollstjórinn í Reykjavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.

5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:**

*Innlend framleiðsla:* Aðili skal sæta álagi ef ekki er greitt á gjalddaga, vörugjaldsskýrslu ekki skilað eða áætlun ekki greidd. Álag er 4% af vangreiddri fjárhæð fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%. Viðbótarálag er reiknað af vangreiddri fjárhæð fyrir hvern byrjaðan mánuð, reiknað frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir gjalddaga. Viðbótarálagið er hið sama og dráttarvextir sem á hverjum tíma eru ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands. Stöðvun atvinnurekstrar er gerð með sama hætti og gildir um virðisaukaskatt. Ef vörugjald, álag eða dráttarvextir er ekki greitt á tilskildum tíma getur innheimtumaður látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skuldarans, m.a. með því að innsigla starfsstöð, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur, þar til full skil hafa verið gerð. Þótt áfrýjun eða deila standi yfir um skattskyldu frestar slíkt ekki gjalddaga né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu. Viðurlög, trygging kröfu, tilhögun bókhalds o.s.frv. fer að öðru leyti eftir því sem við getur átt samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

*Innflutningur:* Um innheimtu, þvingunaraðgerðir, viðurlög og aðra framkvæmd gilda tollalög nr. 55/1987, eftir því sem við getur átt. Sjá aðflutningsgjöld.



## Fóðurgjald

- Lagaheimild:** 30. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 639/1989, um innheimtu fóðurgjalda, og reglugerð nr. 487/1990.
- Gjaldskylda og gjaldstofn:** Innheimta skal eftirtalin fóðurgjöld af innfluttu fódri og innfluttu hráefni í fóður í þeim tollskrárnúmerum sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar nr. 639/1989, um innheimtu fóðurgjalda, og reglugerð nr. 487/1990, um breytingu á henni.  
*Grunngjald:* 50% af tollverði hvernar fóðurtegundar, þó aldrei hærra en 4.000 kr. af hverju tonni hinnar gjaldskyldu vöru.  
*Sérstakt fóðurgjald:* 80% af tollverði hvernar fóðurtegundar.
- Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Gjaldið skal inna af hendi við tollafgreiðslu. Sjá nánar aðflutningsgjöld. Þó geta fóðurinnflytjendur fengið allt að fjögurra mánaða frest á greiðslu sérstaka gjaldsins gegn útgáfu skuldarviðurkenningar.
- Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Greiðist hjá viðkomandi tollstjóra. Sjá nánar aðflutningsgjöld.
- Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Tollstjórar skulu standa skil á fóðurgjaldi til ríkissjóðs eftir fyrirmælum þeim sem fjármálaráðuneytið setur um skil aðflutningsgjalda. Tekjum af grunn-gjaldinu skal haldið aðgreindum frá sérstaka gjaldinu við innheimtu og skil gjaldanna. Brot á reglugerð nr. 639/1989 varðar refsingu samkvæmt 59. gr. laga nr. 46/1985. Að öðru leyti vísast til tollalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim varðandi framkvæmd innheimtu, tryggingu kröfu, þvingunaraðgerðir, refsingar o.fl.

## Almanaksjóðsgjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, reglugerð nr. 16/1922 og auglýsing nr. 575/1989.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Gjaldið er 2,50 kr. fyrir hvert almanak sem gefið er út eða flutt er inn. Gjaldið er því innheimt af innlendri framleiðslu sem og innflutningi.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Útgefandi/innflytjandi greiðir gjaldið við útgáfu almanaks eða við innflutning þess.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Greiðist hjá viðkomandi tollstjóra.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Vegna innflutnings, sjá aðflutningsgjöld. Brot á einkaleyfi Háskóla Íslands til útgáfu og innflutnings á almanökum varðar hins vegar viðurlögum skv. lögum nr. 25/1921.

## Bensíngjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, reglugerð nr. 257/1989, um bensíngjald, og reglugerð nr. 407/1991
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Bensíngjald er sérstakt innflutningsgjald sem lagt er á bensín. Af bensíni í tnr. 2710.0012 skal greiða 21,35 kr. af hverjum lítra og af bensíni í tnr. 2710.0019 skal greiða 23,35 kr. af hverjum lítra.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Greiðist við innflutning, sjá nánar aðflutningsgjöld.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Sjá aðflutningsgjöld.

## Jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta

1. **Lagaheimild:** Tollalög nr. 55/1987, reglugerð nr. 289/1988, um jöfnunarálag á innflutt hús og húshluta, og reglugerð nr. 532/1988.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Gjald þetta er aðflutningsgjald og er lagt á í tveimur gjaldflokkum á tilteknar vörur samkvæmt tollskrá:
  - 10% gjald greiðist af vörum í tnr. 4418.9001, 6810.9100, 7308.9001, 7610.9002 og 9406.0009.
  - 5% gjald greiðist af vörum í tnr. 9406.0001.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Er lagt á við innflutning. Sjá aðflutningsgjöld.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Greiðist hjá viðkomandi tollstjóra.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Sjá aðflutningsgjöld.

## Eftirlitsgjald af fódurvörum

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 53/1978, um eftirlit með framleiðslu á fódurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Þeir sem versla með fódurvörur skulu greiða eftirlitsgjald til fódureftirlitssjóðs sem er í vörslu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Gjaldið skal vera 0,5% af innflutningsverði erlendra kjarnfóðurvöru og steinefna (sjá tollskrá í Tollhandbók II), 0,5% af söluverði innlendra kjarnfóðurvöru og 0,5% af söluverði grasfóðurvöru (grasmjöl, graskögglar og graskökur). Miðað er við söluverð frá framleiðanda.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Er lagt á við innflutning erlendra fódurvöru Sjá aðflutningsgjöld.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:**  
Innfluttar fódurvörur: Gjaldið greiðist við tollafgreiðslu hjá tollstjóra í því tollumdæmi þar sem afferma á vöru. Sjá aðflutningsgjöld.  
Innlendar fódurvörur: Gjaldið greiðist ársfjórðungslega til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Sjá aðflutningsgjöld.

## Skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 52 /1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, og reglugerðir nr. 358/1990, nr. 177/1991 og nr. 254/1991.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Skilagjald skal lagt á drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málm, gleri og plastefni. Samkvæmt reglugerð nr. 358/1990 skal gjaldið vera 6 kr. á hverja umbúðareiningu og greiðist af innfluttri drykkjarvöru sem og drykkjarvöru sem framleidd er eða átappað hér á landi og flokkast í vöruliði 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 og 2208 í tollskrá í viðauka I við tollalög. Að auki skal greiða umsýsluþóknun er skal nema 1% af skilagjaldi. Drykkjarvörur sem seldar eru úr landi eru ekki gjaldskyldar né heldur vatn sem eingöngu er til notkunar í björgunarbátum.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Gjaldið, þ.e. skilagjald ásamt umsýsluþóknun, skal greitt við innflutning, sjá aðflutningsgjöld. Uppgjörstímabil vegna innlendrar framleiðslu og átöppunar er tveir mánuðir í senn, janúar og febrúar, mars og apríl o.s.frv. Hér er um að ræða sömu uppgjörstímabil og tíðkast við greiðslu vörugjalds af innlendri framleiðslu. Gjalddagi er einnig hinn sami og vegna vörugjalds, þ.e. 15. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Þá skal jafnframt skila framtalsskýrslu í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjald, gilda um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit o.þ.h. Álag vegna greiðsludráttar er hið sama og gildir um vörugjald, þ.e. 4% á vangreidda fjárhæð fyrir hvern virkan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 20%. Viðbótarálag leggst einnig á vangreidda upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð. Í fyrsta sinn fyrsta dag næsta mánaðar eftir gjalddaga og skal það vera sama og dráttarvextir eru á hverjum tíma samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Sjá aðflutningsgjöld.

## Höfundaréttargjald

1. **Lagaheimild:** Höfundalög, nr. 73/1972, reglugerð nr. 177/1989.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Greiðist við innflutning á ýmsum tækjum (segulbandstækjum, myndbandstækjum o.fl.), óáteknum myndböndum og óáteknum segulböndum skv. nánari fyrirmælum í reglugerð nr. 177/1989, um innheimtu höfundaréttargjalds við tollafgreiðslu. Er lagt á tollverð vöru samkvæmt tollalögum eða eftir atvikum á hvert stykki.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Gjaldið skal greitt við innflutning. Sjá aðflutningsgjöld.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Greiðist hjá viðkomandi tollstjóra.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Ákvæði tollalaga nr. 55/1987 og reglugerðir og fyrirmæli settar samkvæmt þeim gilda um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, viðurlög og refsingar og aðra framkvæmd innheimtunnar að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um slíkt í reglugerð nr. 177/1989, um innheimtu höfundaréttargjalds.

## Sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 4/1960, um efnahagsmál, reglugerð nr. 613/1987 og nr. 572/1988
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Samkvæmt reglugerð nr. 613/1987 og reglugerð nr. 572/1988, um breytingu á henni, skal gjaldið lagt á bifreiðar í vörulið 8703 í tollskrá og er mismunandi eftir vélarstærð og eigin þyngd eða frá 16% og upp í 66%. Af almenningsbifreiðum í vörulið 8702 skal greiða 12% gjald ef þær eru fyrir 30 farþega og fleiri að meðtöldum öikumanni, annars 20% gjald. Af beltabifhjólum (snjó-sleðum) skal greiða 60% gjald, af bifhjólum í vörulið 8711 skal greiða 70% gjald og af fjórhjólum 80% gjald. Gjaldstofn er tollverð ökutækis eða verksmiðjuverð ef bifreið er sett saman hér á landi. Um undanþágur sjá 2. og 5. gr.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:**  
*Innfluttar bifreiðar:* Gjaldið greiðist við tollafgreiðslu ásamt öðrum aðflutningsgjöldum. Sjá aðflutningsgjöld.  
*Bifreiðar samsettar hér á landi:* Gjald skal greitt áður en skráning fer fram. Gjaldskyldir eru allir þeir sem setja saman bifreið eða bifhjól hér á landi hvort sem er til endursölu eða eigin nota.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Viðkomandi tollstjóri í því umdæmi þar sem ökutæki er flutt inn eða sett saman.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Lög um vörugjald (bifreiðar settar saman héraendis) og tollalög (innfluttar bifreiðar) gilda eftir því sem við á um innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um slíkt í reglugerð nr. 613/1987, með síðari breytingum.



## Flutningsjöfnunargjald af sementi

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 62/1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, og auglýsing nr. 87/1991, um flutningsjöfnunargjald á sementi.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skal vera 1.180 kr. frá 1. mars 1991.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:**  
*Innflutningur:* Innheimt skal við tollafgreiðslu. Sjá aðflutningsgjöld.  
*Innlend framleiðsla:* Framleiðendur skulu greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytis.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Ákvæði tollalaga eiga við um innflutning.

## Jöfnunargjald af kartöflum

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og reglugerðir nr. 223/1987, nr. 109/1988 og nr. 335/1989.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Greiða skal af kartöflum og vörum unnum úr þeim sérstakt jöfnunargjald sem er 50, 100 eða 120%. Gjaldið skal lagt á vörur í tilteknum tollskrárnúmerum, sbr. reglugerð nr. 223/1987, með síðari breytingum. Sjá og tollahandbók II. Landbúnaðarráðherra getur fellt gjaldið niður ef um er að ræða hráefni til umtalsverðrar innlendrar iðnaðarframleiðslu. Landbúnaðarráðherra sker úr um ágreining um gjaldskyldu samkvæmt reglugerð nr. 223/1987.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Greiðist við tollafgreiðslu.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Greiðist hjá viðkomandi tollstjóra.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Ákvæði tollalaga gilda hér eftir því sem við getur átt um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd. Sjá aðflutningsgjöld.

## Jöfnunartollur

1. **Lagaheimild:** Tollalög nr. 55/1987 og reglugerð nr. 245/1991.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Greiða skal jöfnunartoll af innfluttum kökum sem flokkast í tnr. 1905.9040 í viðauka I við tollalög. Jöfnunartollur er 38 kr. fyrir hvert kílógramm. Gjaldstofn er tollverð vörunnar.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Greiðist við tollmeðferð vöru. Sjá aðflutningsgjöld.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Greiðist hjá viðkomandi tollstjóra.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Ákvæði tollalaga gilda um innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd. Sjá aðflutningsgjöld.
6. **Annað:** Gjaldið er ákveðið til sex mánaða í senn. Reglugerð nr. 245/1991 gildir til 30. nóvember 1991.

## Neyðarleyfisgjald

1. **Lagaheimild:** Tollalög nr. 55/1987 og reglugerð nr. 64/1991.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Tollstjóra er heimilt að taka við greiðslu til bráðabirgða að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum, sbr. reglugerð nr. 64/1991. Þegar vara er tollafgreidd til bráðabirgða skal taka sérstakt gjald, 1.000 kr., sem greiðist við fullnaðartollafgreiðslu vöru.
3. **Annað:** Gjaldið skal inna af hendi hjá viðkomandi tollstjóra við fullnaðartollafgreiðslu vöru. Um innheimtu, lögvernd kröfu og annað gilda ákvæði tollalaga. Sjá aðflutningsgjöld.

## Póstafgreiðslugjöld

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:**
  - Geymslugjald vegna póstafræiðslna, 96 kr. á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús, sbr. gjaldskrá nr. 419/1991 fyrir póstpjónustu.
  - Tollmeðferð póstsendinga 145 kr., sbr. gjaldskrá nr. 419/1991 fyrir póstpjónustu.
3. **Annað:** Gjöldin skal inna af hendi í viðkomandi pósthúsi við tollmeðferð vöru. Um innheimtu, lögvernd kröfu og annað gilda ákvæði tollalaga. Sjá aðflutningsgjöld.

## Einkasölugjald

- Lagaheimild:** Tollalög nr. 55/1987 og lög nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Reglugerð nr. 55/1991, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl.
- Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Áhöfnin eða farþegum, sem hafa við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á samkvæmt reglugerð nr. 55/1991 og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á, er heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu leyfilegu tollfrjálsu magni, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt gjaldskrá í reglugerð nr. 55/1991. Viðkomandi skal hafa gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu. Einkasölugjald er sem hér segir:

Áfengi:	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	650
2. Portvín, sherry, madeira, vermút, líkjörar og aperítívar, þ.m.t. bitterar undir 22% styrkleika	870
3. Aperítívar, þ.m.t. bitterar með 22% styrkleika eða meira	1.190
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, ót. a., svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	2.050
5. Öl (24 stk. af 33 cl dósum)	2.145

### Tóbak:

1. Reyktóbak	1.670 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	1.010 kr./200 stk.
3. Smávindlar	110 kr./10 stk.
4. Vindlar, meðalstærð	470 kr./25 stk.
5. Vindlar, aðrir	605 kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

- Gjalddagi:** Við komu til landsins.
- Innheimtuaðili:** Greiðist hjá viðkomandi tollstjóra.
- Innheimta:** Staðgreitt.
- Annað:** Ef framvísað er meira magni en heimilt er að flytja inn getur tollstjóri heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## Virðisaukaskattur við innflutning

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 110/1988, lög nr. 78/1989, lög nr. 119/1989, lög nr. 106/1990 og lög nr. 109/1990 og tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 96/1987 og lög nr. 40/1989, ásamt reglugerð nr. 194/1990 og reglugerð nr. 640/1989, sbr. reglugerðir nr. 48/1990 og nr. 352/1990.

2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:**

*Vörur:* Við innflutning á vöru skal greiða virðisaukaskatt af tollverði skattskyldrar vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð. Um ákvörðun tollverðs gilda ákvæði tollalaga nr. 55/1987.

*Þjónusta:* Greiða skal virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu erlendis frá til nota að hluta eða öllu leyti hér á landi. Þjónusta, í þessu sambandi, er t.d. auglýsinga-, ráðgjafar-, lögfræði- og tölvuþjónusta. Um skattverð fer eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 50/1988. Sjá nánar, um virðisaukaskatt af innfluttri þjónustu, reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá.

3. **Gjalddagi:**

*Vörur:* Virðisaukaskattur af innfluttum vörum er innheimtur með aðflutningsgjöldum.

*Þjónusta:* Kaupandi þjónustu skal ótilkvaddur tilkynna um kaup á henni og greiða virðisaukaskatt af kaupunum innan 30 daga frá því þjónusta var veitt viðtaka eða innan 30 daga frá því greiðsla var innt af hendi, ef greiðslan fer fram að fullu eða að hluta áður en afhending á sér stað.

Að uppfylltum tilteknum skilyrðum er tollstjóra heimilt að veita virðisaukaskattsskyldum aðilum sem stunda innflutningsverslun, framleiðslu eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni greiðslufrest á virðisaukaskatti vegna tollafgreiðslu á ákveðnum vörum, svo og innfluttri þjónustu þegar hún tengist vöruinnflutningi. Um þetta gildir reglugerð nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli, sbr. reglugerð nr. 48/1990 og reglugerð nr. 352/1990, um breytingar á reglugerð nr. 640/1989. Innflytjendur sem fá þessa heimild þurfa að leggja fram sjálfskuldarábyrgð banka til tryggingar.

Greiðslufrestur á virðisaukaskatti í tolli er tvenns konar:

- Vörur í tilteknum tollskrárnúmerum, sbr. reglugerð nr. 640/1989, eru með tveggja mánaða uppgjörstímabil með gjalddaga 15. næsta

mánaðar eftir lok uppgjörstímabils, sem eru janúar og febrúar, mars og apríl o.s.frv. Gjalddagar eru því 15. mars, 15. maí, 15. júlí, 15. september, 15. nóvember og 15. janúar.

- Aðrar innfluttar vörur eru með eins mánaðar uppgjörstímabil með gjalddaga 15. næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils, sem eru janúar, febrúar o.s.frv. Gjalddagar eru því 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl o.s.frv.

#### 4. Innheimtuaðili og greiðslustaður:

*Vörur:* Viðkomandi tollstjóri. Sjá aðflutningsgjöld.

*Þjónusta:* Sýslumenn, bæjarfógetar, tollstjórinn í Reykjavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.

Pegar veittur hefur verið greiðslufrestur á virðisaukaskatti í tolli eru sendir út gíróseðlar og er því heimilt að greiða í banka, sparisjóði eða pósthúsi í síðasta lagi á gjalddaga, hjá innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga en greiðsla sem er póstlögð skal hafa borist innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga.

- #### 5. Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:
- Að því leyti sem ekki er ákveðið í lögum um virðisaukaskatt um skattskyldu, innheimtu, lögvernd, sektir, viðurlög og aðra framkvæmd varðandi virðisaukaskatt af innfluttum vörum gilda ákvæði tollalaga nr. 55/1987, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.
- #### 6. Annað:
- Sjá einnig um virðisaukaskatt í kafla 5.2, veltuskattar. Sjá nánar um aðflutningsgjöld í kafla 5.5, aðflutningsgjöld.



## 5.6 Aukatekjur ríkissjóðs o.fl.

### Almennt

Um aukatekjur ríkissjóðs gilda lög nr. 79/1975. Samkvæmt þeim hefur dómismálaráðherra heimild til að setja reglugerð um dómismálagjöld o.fl. og fjármálaráðherra til að setja reglugerð varðandi gjöld fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini og skráningar, enda sé ákvörðun þessi ekki falin öðrum ráðherra með lögum.

Gjöld sem innheimt eru samkvæmt lögum nr. 79/1975 renna í ríkissjóð.

Innheimtu gjalda samkvæmt lögum nr. 79/1975 hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið. Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

### **Gjöld sem greiða skal í ríkissjóð samkvæmt reglugerð nr. 644/1989, sbr. reglugerð nr. 250/1990, reglugerð nr. 37/1991 og reglugerð nr. 429/1991, um aukatekjur ríkissjóðs**

#### — Leyfisgjöld

1.	Áfrýjunarleyfi . . . . .	2.400
2.	Nóvaleyfi . . . . .	2.400
3.	Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum . . . . .	1.000
4.	Lögskilnaðarleyfi . . . . .	2.500
5.	Ættleiðingarleyfi . . . . .	2.000
6.	Leyfisbréf til heildsölu . . . . .	70.200
7.	Leyfisbréf til umboðssölu . . . . .	50.000
8.	Gjald fyrir leyfi til starfrækslu uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla, sbr. lög nr. 123/1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla . . . . .	50.000
9.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis samkvæmt 8. tölulið . . . . .	2.500
10.	Gjald fyrir leyfi til starfrækslu rækju- og hörpudisksvinnslu . . . . .	50.000
11.a	Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki . . . . .	100.000
11.b	Leyfi til verðbréfamiðlunar . . . . .	50.000
12.	Bráðabirgðaleyfi til verðbréfamiðlunar . . . . .	10.000
13.	Leyfisbréf til smásölu . . . . .	50.000
14.	Leyfisbréf til lausaverslunar . . . . .	50.000

15.	Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	20.000
16.	Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	50.000
17.	Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi	20.000
18.	Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veislubjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi	15.000
19.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 16.-18. tölulið	2.500
20.	Leyfi til tækifærisveitinga	2.500
21.	Leyfi fyrir vínveitingastað – til eins árs eða skemur – til lengri tíma en árs og til tveggja ára – til lengri tíma en tveggja ára	30.000 50.000 100.000
22.	Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	2.500
23.	Leyfi til að framleiða áfenga drykki	50.000
24.	Almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað – til eins árs eða skemur – til lengri tíma en eins árs	100.000 300.000
25.	Iðju- og iðnaðarleyfi	25.000
26.	Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	75.000
27.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	50.000
28.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	5.000
29.	Leyfi til að stunda sér-lækningar	75.000
30.	Leyfi til að stunda tannlækningar	50.000
31.	Sérfræðileyfi til tannlækninga	75.000
32.	Leyfi til fasteignasölu	100.000
33.	Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	4.000
34.	Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	2.000
35.	Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	4.000
36.	Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	2.000
37.	Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	20.000
38.	Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	10.000
39.	Endurnýjun á söluleyfi skv. 35. tölulið	2.000
40.	Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	4.500
41.	Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	1.500

42. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977 . . . . .	3.100
43. Önnur leyfi er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út, nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum .	1.500

#### — Skírteinagjöld

1. Vegabréf til útlanda (18-66 ára) . . . . .	2.500
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra . . . . .	1.000
3. Meistarabréf . . . . .	25.000
4. Sveinsbréf . . . . .	5.000
5. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A . . . . .	10.000
6. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna B . . . . .	12.000
7. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna C . . . . .	13.000
8. Vélstjórnarskírteini, hvert skírteini . . . . .	12.000
9. Flugnema- og svifflugmannsskírteini . . . . .	2.000
10. Einkaflugmannsskírteini . . . . .	5.000
11. Atvinnuflugmannsskírteini, III fl. . . . .	15.000
12. Atvinnuflugmannsskírteini, II fl. . . . .	20.000
13. Atvinnuflugmannsskírteini, I fl. . . . .	25.000
14. Flugtækna-, flugvélstjóra-, flugleiðsögumanns- og flugumferðarstjóraskírteini . . . . .	25.000
15. Skírteini til kvikmyndasýninga	
- staðbundin skírteini . . . . .	2.500
- sveinsskírteini . . . . .	2.500
- meistaraskírteini . . . . .	5.000
16. Naglabyssuskírteini . . . . .	2.500
17. Skírteini fyrir suðumenn . . . . .	2.500
18. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 5.-8. tölulið . . . . .	1.200

#### — Sérstök skráningargjöld

1. Skráning hlutafélags og samvinnufélags . . . . .	100.000
2. Skráning erlendra félaga . . . . .	50.000
3. Skráning firma eins manns . . . . .	40.000
4. Skráning firma tveggja manna eða fleiri . . . . .	50.000
5. Aukatilkynningar og skráning breytinga . . . . .	1.000
6. Skráning loftfars til atvinnuflugs . . . . .	60.000
7. Skráning loftfars til einkaflugs . . . . .	30.000

8.	Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.) . . . . .	5.000
9.	Skráning kaupmála . . . . .	2.500

#### — Gjöld vegna skráningar á loftfari

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðist 300 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 1.900 kr. Fyrir aðra skráningu greiðist 2.600 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

#### — Afgreiðslugjöld skipa

Fyrir að afgreiða vöru- og flutningaskip sem kemur frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 30 kr. af hverri nettórúmlest skipsins. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftari en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 30 kr. af hverri nettórúmlest skipsins er það tekur höfn héraðs. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil og skal ætíð miðað við hæstu mælingu.

#### — Gjöld fyrir löggildingu manna til starfa

1.	Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalapýðendur, endurskoðendur o.fl.) . . . . .	50.000
2.	Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o.fl.) . . . . .	2.500

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

#### — Gjöld vegna ýmissa vottorða og löggildinga

1.	Borgaraleg hjónavígsla . . . . .	2.300
2.	Löggilding leiðarbókar eða véladagbókar . . . . .	600
3.	Útnefning matsmanna, fyrir hvern mann . . . . .	1.000
4.	Vottorð er einstakir menn æskja í þágu verzlunar eða atvinnu (vöruvottorð) . . . . .	300

5.	Sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna . . . . .	400
6.	Veðbókarvottorð . . . . .	500
7.	Önnur embættisvottorð . . . . .	400
8.	Lögskráning skipshafnar, fyrir hvern mann . . . . .	100

— **Gjöld vegna endurrita eða ljósrita úr embættisbókum og skjala-söfnum**

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbók-um og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu (hluti úr síðu telst heil síða) . . . . .	100
Lægstu ritlaun eru . . . . .	250

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald, 50 kr. af hverri síðu.

**Gjöld sem greiða skal í ríkissjóð samkvæmt reglugerð nr. 642/1989, um dómsmálagjöld o.fl.**

— **Dómsmálagjöld í einkamálum**

Fyrir héraðsdómi:

1.	Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu . . . . .	200
2.	Gjald fyrir þingfestingu . . . . .	2.500
3.	Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann) . . . . .	200
4.	Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls . . . . .	400
5.	Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann) . . . . .	400
6.	Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða . . . . .	400
7.	Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar . . . . .	1.400
8.	Gjald fyrir sjóferðapróf . . . . .	2.600

Fyrir Hæstarétti:

1.	Gjald fyrir útgáfu stefnu . . . . .	200
2.	Gjald fyrir þingfestingu . . . . .	2.000
3.	Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann) . . . . .	350
4.	Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls . . . . .	400
5.	Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann) . . . . .	400
6.	Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða . . . . .	350
7.	Útivistargjald . . . . .	2.000

## — Fógetagerðir, aðrar en þær sem taldar eru upp í 2. gr. laga nr. 79/1975

1.	Kyrrsetning á manni . . . . .	1.200
	Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir skal gjalda fyrir það eftir 2. gr. laga nr. 79/1975	
2.	Útburður manns af jörð eða húsi . . . . .	1.200
3.	Innsetning á jörð eða húsi . . . . .	1.200
4.	Aðrar fógetagerðir er farið er fram á annað en metið er til peningaverðs . . . . .	1.200

## — Innköllun til skuldheimtumanna

1.	Innköllun til skuldheimtumanna . . . . .	500
----	--	-----

## — Uppboðsgerðir

1.	Samning og útgáfa auglýsingar um uppboð . . . . .	500
2.	Árangurslaust uppboð . . . . .	1.200
3.	Afturköllun uppboðsbeiðni á uppboðsþingi . . . . .	1.200
4.	Afsal vegna fasteignar sem seld er á uppboði . . . . .	1.000
5.	Undirboðsþing . . . . .	1.000

## — Þinglýsing

1.	Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða . . . . .	600
2.	Fyrir skjöl sem þinglýst eru fyrir Hæstarétti . . . . .	700

## — Notarialgerðir

1.	Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir . . . . .	400
2.	Notarialvottorð á arfleiðsluskrá . . . . .	600
3.	Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga . . . . .	400
4.	Dráttur í happdrætti . . . . .	1.800
5.	Útdráttur skuldabréfa . . . . .	1.000

## — Gjöld samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987

## — — Próf ökumanna:

1.	Almennt bifreiðastjóraþróf . . . . .	3.000
2.	Próf í akstri bifhjóla . . . . .	3.000
3.	Próf í akstri léttra bifhjóla . . . . .	2.000
4.	Próf í akstri torfærutækja . . . . .	2.000
5.	Próf í akstri dráttarvéla . . . . .	2.000
6.	Ökukennarapróf . . . . .	10.000

## — — Skírteini:

1.	Bráðabirgðaökuskírteini . . . . .	1.000
2.	Ökuskírteini bifreiðastjóra (fullnaðarskírteini), að 65 ára aldri . . . . .	2.000
3.	Ökuskírteini bifreiðastjóra, 65 ára og eldri . . . . .	1.000
4.	Ökuskírteini til að stjórna bifhjóli . . . . .	2.000
5.	Ökuskírteini til að stjórna léttu bifhjóli . . . . .	700
6.	Ökuskírteini til að stjórna torfærutæki . . . . .	700
7.	Ökuskírteini til að stjórna dráttarvél . . . . .	700
8.	Alþjóðleg ökuskírteini . . . . .	1.200
9.	Löggilding ökukennara . . . . .	1.500

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

— —	Leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni ökutæki til mannflutninga án ökumanns . . . . .	6.000
-----	--	-------

— **Gjöld samkvæmt lögum nr. 46/1977, um skotvopn, sprengiefni og skotelda**

1.	Skráning skotvopns, hvort sem það er nýtt eða notað . . . . .	1.000
2.	Endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna . . . . .	500
3.	Afnotaleyfi skv. 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979 . . . . .	500

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum sem varanlega eru gerð ónot-  
hæf og leyfi skv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 16/1978.

## 5.7 Önnur gjöld

### Afgjald ríkisjarða

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 64/1976, ábúðarlög.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Heimilt er að byggja jarðir ríkisins á erfðaleigu. Þegar slíkt er gert skal greiða sérstakt gjald sem nefnist afgjald af ríkisjörðum, sbr. 32. og 33. gr. laga nr. 64/1976, ábúðarlaga. Afgjald af jörðum skal vera 3% af fasteignamatsverði lands og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag er kann að fylgja jörð þegar erfðaábúð hefst.
3. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík. Einnig eru sendir út gíróseðlar til gjaldenda og er því einnig hægt að greiða í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum.
4. **Innheimta:** Gíróseðlar eru sendir til gjaldenda.



## Áhættugjald ríkisábyrgða

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, sbr. lög nr. 65/1988.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Hver sá sem ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir skal greiða honum áhættugjald sem nemur 1,5% af ábyrgðarupphæð. Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð er gjaldið 2% ábyrgðarupphæðar.
3. **Gjalddagi:** Greiða skal gjaldið um leið og ábyrgð er veitt.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Seðlabanki Íslands.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Áhættugjaldi ríkisábyrgða er skilað til ríkisféhirðis. Ef ábyrgðargreiðsla fellur á ríkissjóð er fjármálaráðuneyti heimilt að halda eftir greiðslum er aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði eftir því sem þarf til greiðslu skuldarinnar þótt almennar reglur um skuldajöfnun séu ekki fyrir hendi.
6. **Annað:** Ríkissjóður má ekki ganga í ábyrgð nema sett sé trygging sem fjármálaráðherra metur gilda.

## Ábyrgðargjald ríkisábyrgða

1. **Lagaheimild:** 8.-11. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, sbr. 2.-5. gr. laga nr. 65/1988.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Bankar, lánasjóðir, lánastofnanir, fyrirtæki og aðrir þeir aðilar, sem lögum samkvæmt njóta ábyrgðar ríkissjóðs, hvort sem hún byggist á eignaraðild ríkissjóðs eða öðru, skulu greiða ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum. Skal það greitt ársfjórðungslega og nema 0,0625% af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili. Seðlabanki Íslands annast útreikning og álagningu ábyrgðargjaldsins og hefur með höndum eftirlit með innheimtu þess.
3. **Gjalddagi:** Ábyrgðargjaldi skal skila ásamt skýrslu til Ríkisábyrgðasjóðs ársfjórðungslega eftir á. Gjalddagi hvers ársfjórðungs er 15. dagur næsta mánaðar eftir að gjaldtímabili lýkur. Greiða skal dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 sé ekki greitt á gjalddaga.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Ríkisábyrgðasjóður annast innheimtu gjaldsins og skilar því í ríkissjóð.
5. **Annað:** Seðlabanki Íslands er undanþeginn ábyrgðargjaldi ríkisábyrgða.

## Gjald af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 52/1984, um gjald af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjalddeyri, skulu greiða ríkissjóði 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 45% af póknun (próvision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem þær nefnast, fyrir þjónustu þá er hér um ræðir.
3. **Gjalddagi:** Gjaldið greiðist við afhendingu gjaldeyris.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Gjalddeyrisviðskiptabankar.
5. **Innheimta:** Greitt til ríkisféhirðis.
6. **Annað:** Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir inni gjald þetta af hendi.

**Leyfisgjald af gjaldeyrissölu**

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Innheimta má af gjaldeyris- og innflutningsleyfum allt að 2% gjald af fjárhæð leyfa.
3. **Gjalddagi:** Gjaldið greiðist við afhendingu gjaldeyris eða leyfis.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Gjaldreyrisviðskiptabankar.
5. **Innheimta:** Greitt til ríkisféhirðis.
6. **Annað:** Gjaldreyriseftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með gjaldinu.

## Skipagjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 51/1987, um eftirlit með skipum, og reglugerð nr. 521/1990, um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Eigandi skips skal greiða í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalinn kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi. Árlega er gefin út reglugerð um skipagjald af samgönguráðuneyti.
3. **Gjalddagi:** Gjaldið er miðað við skráningu 1. janúar ár hvert. Gjalddagi og eindagi er sá sami, hinn 1. apríl sama ár.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík. Einnig er hægt að greiða í bönkum og pósthúsum með gíróseðlum sem sendir eru til gjaldenda. Gjöldum sem innheimtumenn innheimta samkvæmt reglugerð nr. 521/1990 skulu þeir skila í ríkissjóð.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Gjaldinu fylgir lögveð í skipi, í eitt ár frá því er gjald var kræft. Siglingamálastofnun er heimilt að halda eftir haffærisskírteinum að lokinni skoðun ef gjöld eru ekki greidd.
6. **Annað:** Skylda til að greiða skipagjald fellur ekki niður þótt eigandi skips láti ekki skoða skip sitt í árlegri aðalskoðun né heldur þótt skip hans hafi eigi verið í notkun um stundarsakir. Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds, fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns. Siglingamálastjóri úrskurðar verði ágreiningur um álagningu gjaldsins.

## Vitagjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 56/1981, um vitamál, og reglugerð nr. 520/1990, um vitagjald.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Vitagjald, 80 kr. af hverri brúttórúmllest, skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttórúmllestir eða stærri og taka höfn hér á landi. Hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest en minna broti er sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera 12 kr. Af íslenskum skipum skal greiða vitagjald einu sinni á ári og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða 1/5 hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftár en fimm sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.
3. **Gjalddagi:** Greiða skal gjaldið eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Gjalddagi og eindagi er sá sami, hinn 1. apríl sama ár.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík. Þá eru sendir gíróseðlar til gjaldenda og er því einnig hægt að greiða í bönkum, sparisjóðum eða pósthúsum.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Krafa um vitagjald nýtur lögtaksréttar.
6. **Annað:** Undanþegin gjaldinu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði. Heimilt er að fella niður gjaldið vegna skipa sem ekki eru notuð á gjaldárinu. Ágreining um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar samgönguráðuneytisins.

## Skemmtanaskattur

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, sbr. lög nr. 61/1984 og lög nr. 87/1989.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Greiða skal skemmtanaskatt þegar aðgangur er seldur að skemmtunum fyrir almenning. Skemmtanaskattur er ákveðinn hundraðshluti af brúttóverði seldra aðgöngumiða.
  1. flokkur, 10% skemmtanaskattur: Hljómleikar og söngskemmtanir, sjónleikar, danssýningar, fyrirlestrar og upplestrar.
  2. flokkur, 15% skemmtanaskattur: Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
  3. flokkur, 20% skemmtanaskattur: Dansleikir, trúðleikasýningar, fjölleikasýningar og aðrar almennar skemmtanir.
  4. flokkur, 300 gkr. skemmtanaskattur fyrir hvern mánuð af hverju knattborði sem notað er fyrir almenning. Gjaldagi er síðasti dagur hvers mánaðar.
  5. flokkur, 31,80 kr. í skemmtanaskatt og 4,82 kr. í Menningarsjóð fyrir hvern mann er fær aðgangur að vínveitingahúsi að kvöldi á þeim tíma er ákveðinn verður í reglugerð (þá er greitt 1,08 kr. í prentkostnað á rúllum og heildargjald því 37,70 kr.). Gjald í þessum flokki er uppreiknað í samræmi við breytingar á vísitölu á þriggja mánaða fresti. Sjá nánar 2. gr. laga nr. 58/1970.

Undanþegið greiðslu skemmtanaskatts er m.a. hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, leiksýningar Þjóðleikshússins, sýningar íslenskra kvikmynda og skemmtanir skóla og skólafélaga, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara ásamt gestum þeirra o.fl., sjá nánar 3. gr. laga nr. 58/1970.
3. **Uppgjörstímabil, álagning og gjalddagi:** Gjalddagi skemmtanaskatts er næsti virki dagur eftir að skemmtun hefur verið haldin. Heimilt er þó að leyfa kvikmyndahúsum og öðrum skemmtistofnunum, sem rekin eru sem föst atvinnufyrirtæki, að greiða skattinn mánaðarlega.
4. **Innheimtuaðili og greiðslustaður:** Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík.
5. **Innheimta, þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Heimilt er að gera lögtak fyrir skuld, sbr. lög nr. 29/1885. Um dráttarvexti gilda lög nr. 25/1987.

6. **Fyrning kröfu:** Kröfur sem njóta lögtaksréttar fyrnast á fjórum árum. Lögtaksréttur fyrnist á tveimur árum.
7. **Annað:** Eigandi húsnæðis þar sem skemmtun er haldin ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef ágreiningur rís um skattskyldu sker menntamálaráðherra úr honum, en bera má úrskurð hans undir dómstóla. Deilur um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans.



## Miðagjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, 8. gr.
2. **Gjaldskylda og gjaldstofn:** Miðagjald skal lagt á alla selda aðgöngumiða að kvikmynda- og skuggamyndasýningum og að dansleikjum. Gjaldið skal nema 1,5% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og 3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum. Ef dansleikur er í vínveitingahúsi skal þess getið að tekinn hafi verið skemmtanaskattur samkvæmt 5. flokki, sjá skemmtanaskattur. Starfsmannafélög o.fl. sem halda dansleik í samkomuhúsi er gert að greiða 3.600 kr. fast gjald (gjaldið breytist einu sinni á ári miðað við vísitölubreytingar). Kvikmyndasýningar fyrir börn eru undaþegnar gjaldinu.
3. **Annað:** Um innheimtu, gilda sömu reglur og um skemmtanaskatt. Sjá skemmtanaskatt.

## Stimpilgjald

1. **Lagaheimild:** Lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, lög nr. 5/1982, lög nr. 61/1982 og lög nr. 131/1989. Þá eru og ákvæði í ýmsum sérlægum sem undanþiggja nánar tilgreind skjöl stimpilskyldu.
2. **Gjaldskylda, gjaldstofn og álagning:** Stimpilgjald skal greiða af þeim skjölum sem nánar eru tilgreind í lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, og reiknast almennt sem ákveðinn hundraðshluti af fjárhæð þeirri sem getur á hinu stimpilskylda skjali. Fjárhæðir sem taka eiga breytingum samkvæmt vísitölum skulu framreiknaðar. Hundraðshlutinn er mismunandi eftir því um hvers konar skjal er að ræða, sbr. einstök ákvæði laganna. Stimpilgjald af kaupsamningi/afsali vegna fasteigna reiknast þó af fasteignamati.
3. **Gjalddagi:** Stimpilgjald er greitt um leið og skjal er afhent til stimplunar.
4. **Innheimtuaðilar:** Bæjarfógetar, sýslumenn, borgarfógetinn í Reykjavík og lögreglustjórinn á Keflavíkurlflugvelli. Þá annast bankar og sparisjóðir stimplanir og innheimta stimpilgjöld. Einnig getur fjármálaráðherra veitt einstökum mönnum, félögum eða stofnunum rétt til stimplunar skjala, sbr. 12. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald.
5. **Þvingunaraðgerðir og trygging kröfu:** Samkvæmt 11. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, skulu stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hér á landi, stimpluð áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi skjals, nema eindagi þess sé fyrir. Ef stimpilskyld skjal er ekki stimplað innan þessa frests skulu innheimtumenn stimpilgjalds gera stimpilbeiðanda að greiða stimpilgjaldsálag er nemi hinu vangoldna stimpilgjaldi tvöföldu, þegar um víxla er að ræða, en vegna annarra skjala er álagið 10% fyrir hvert byrjað sjö daga tímabil umfram tilskilinn frest, allt að hálfu grunngjaldinu, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald. Álag þetta má innheimta með lögtaki. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 36/1978 getur fjármálaráðuneytið lækkað eða fellt niður stimpilgjaldsálag ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi. Með brot á ákvæðum laga nr. 39/1978 skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 37. gr. laganna.
6. **Fyrning:** Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki nema svo sé ástatt að opinber starfsmaður eigi sök á því að eigi var stimplað, sbr.

15. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald. Í þeim tilvikum fyrnist krafan á fjórum árum. Þá fellur krafa til stimpilgjalds enn fremur niður þegar liðin eru fimm ár frá þeim tíma er skjalið var með öllu úr gildi.

7. **Ágreiningur um stimpilgjald:** Ef sá er óánægður með ákvörðun gjaldsins sem beðist hefur stimplunar getur hann skotið málinu undir úrskurð fjármálaráðuneytis, sbr. 13. gr. laga nr. 36/1978. Gert er ráð fyrir að með fylgi umsögn þess er ávað gjaldið.
8. **Um endurgreiðslu stimpilgjalds:** Fjármálaráðuneytinu er heimilt að endurgreiða stimpilgjald af skjölum þegar skjal er ógilt með öllu að lögum eða eigi verður af því að réttarástand það skapist sem ráðgert var með skjalinu, sbr. 14. gr. laga nr. 36/1978. Fjármálaráðuneytinu er einnig með sama hætti heimilt að endurgreiða stimpilgjald þegar skjal hefur af vangá verið stimplað of hátt, og þá sem nemur því sem ofgreitt var.
9. **Annað:** Þegar stimpla þarf skjöl með svo háum fjárhæðum að til óþæginda er að nota stimpilmerki eða stimpilvél er hægt að leysa þann vanda með því að fá sérstaka heimild hjá ríkisféhirði í hverju tilviki til þess að árita skjalið um greiðslu gjaldsins. Í beiðninni þarf að taka fram upphæð stimpilgjaldsins og sérkenni skjalsins.

## 6. kafli

# Bótagreiðslur samkvæmt tekjuskattslögum

## Barnabætur

1. **Lagaheimild:** A-liður 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 529/1990, um eignarskatt, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 225/1991, um útborgun barnabóta, barnabótaauka, húsnæðisbóta, vaxtabóta og endurgreiðslu ofgreiddra skatta.
2. **Ákvörðun bóta og réttthafar:** Ríkissjóður greiðir barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára sem er heimilisfast hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Skattstjóri ákvarðar barnabætur og semur um þær skrá sem send er fjármálaráðuneytinu.

Barnabætur eru mismunandi eftir aldri og fjölda bara og aðstæðum framfæranda, en framfærandi er sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Meðlagsgreiðandi telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón, sem eru skattlögð samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein

Á hverju ári breytist upphæð barnabóta. Um upphæð barnabóta sjá 2. gr. reglugerðar nr. 529/1990.

Óski einhver leiðréttingar á ákvörðun skattstjóra skal hann senda skattstjóra skriflega beiðni með ósk um slíkt ásamt nauðsynlegum gögnum. Beiðnin skal lögð fram eigi síðar en 30 dögum frá greiðslu bótanna. Ríkisbókhald annast útborgun barnabóta.

3. **Útborgunardagar og greiðslufyrirkomulag:** Barnabætur greiðast ársfjórðungslega og eigi síðar en 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

Standi framfærandi í skuld við ríkissjóð eða sveitarsjóð vegna tiltekinnna gjalda skal skuldajafna við greiðslu bótanna úr ríkissjóði, sjá kafla 8.5, forgangsroð um skuldajöfnun.

Barnabætur eru greiddar beint inn á reikninga framfæranda í viðskiptabanka eða sparissjóði þeirra, sbr. reglugerð nr. 225/1991.

Upplýsingar um reikning greiðsluþega í banka eða sparissjóði eru

skráðar í sérstaka skrá, ráðstöfunarskrá. Ef ekki er vitað um reikningsnúmer greiðsluþega skal greitt með tékka. Í bönkum og sparisjóðum liggja frammi sérstök eyðublöð til að fá greitt beint inn á bankareikning í stað greiðslu með tékka.

4. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum. Í sérprentuninni eru einnig ýmsar upplýsingar um fjárhæðir o.fl. 1988-1991, þar á meðal fjárhæð barnabóta.

## Barnabótaauki

1. **Lagaheimild:** B-liður 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 530/1990, um greiðslu barnabótaauka á árinu 1991 og reglugerð nr. 225/1991, um útborgun barnabóta, barnabótaauka, húsnæðisbóta, vaxtabóta og endurgreiðslu ofgreiddra skatta.

2. **Ákvörðun bóta og réttthafar:** Ríkissjóður greiðir barnabótaauka vegna hvers barns innan 16 ára á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Barnabótaauki er ákvarðaður af skattstjóra með álagningu, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, fyrir viðkomandi tekjuár.

Barnabótaauki er tekjuskatts- og eignarskattstengdur og skerðist þannig eftir því sem tekju- og/eða eignarskattsstofn framfæranda hækkar, en framfærandi er sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuárs. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón, sem eru skattlögð samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

3. **Útborgunardagar og greiðslufyrirkomulag:** Barnabótaauki greiðist framfærendum tvisvar á ári, eigi síðar en 1. ágúst og eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Þá er greitt fyrirfram upp í barnabótaauka eigi síðar en 1. febrúar og 1. maí og skal fyrirframgreiðslan vera 60% af greiddum barnabótaauka vegna ársins á undan.

Standi framfærandi í skuld við ríkissjóð eða sveitarsjóð vegna tiltekinnar gjalda skal skuldajafna við greiðslu bótanna úr ríkissjóði, sjá kafla 8.5, forgangsröð um skuldajöfnun.

Barnabótaauki er greiddur beint inn á reikninga framfæranda í viðskiptabanka eða sparisjóði þeirra, sbr. reglugerð nr. 225/1991. Upplýsingar um reikning greiðsluþega í banka eða sparisjóði eru skráðar í sérstaka skrá, ráðstöfunarskrá. Ef ekki er vitað um reikningsnúmer greiðsluþega skal greitt með tékka. Í bönkum og sparisjóðum liggja frammi sérstök eyðublöð til að fá greitt beint inn á bankareikning í stað greiðslu með tékka.

4. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum. Í sérprentuninni eru einnig ýmsar upplýsingar um fjárhæðir o.fl. 1988-1991, þar á meðal grunnfjárhæð barnabótaauka.

## Vaxtabætur

1. **Lagaheimild:** C-liður 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 79/1989.

2. **Ákvörðun bóta og rétthafar:** Maður, sem skattskyldur er samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, sem nefnast vaxtabætur. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum.

Réttur til vaxtabóta stofnast á því ári þegar íbúðarhúsnæði til eigin nota er keypt eða bygging þess hefst. Vaxtabætur eru bundnar við eignarhald rétthafa á íbúðarhúsnæði. Selji rétthafi það húsnæði sem veitti rétt til vaxtabóta, án þess að hefja byggingu eða festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári, falla bótagreiðslur til hans niður frá og með næsta ári á eftir söluári. Vaxtabótum hjóna skal skipt til helminga á milli þeirra. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Vaxtabætur skerðast hlutfallslega ef eignir að frádregnum skuldum fara fram úr tiltekinni fjárhæð. Vaxtabætur miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess árs.

3. **Útborgunardagar og greiðslufyrirkomulag:** Vaxtabætur greiðast út eigi síðar en 1. september ár hvert að lokinni álagningu opinberra gjalda.

Vaxtabætur greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar skuldajafnað hefur verið vegna skulda á opinberum gjöldum, sjá kafla 8.5, forgangsröð um skuldajöfnun.

Vaxtabætur eru greiddar beint inn á reikninga rétthafa í viðskiptabanka eða sparisjóði þeirra, sbr. reglugerð nr. 225/1991. Upplýsingar um reikning rétthafa í banka eða sparisjóði eru skráðar í sérstaka skrá, ráðstöfunarskrá. Ef ekki er vitað um reikningsnúmer rétthafa skal greitt með tékka. Í bönkum og sparisjóðum liggja frammi sérstök eyðublöð til að fá greitt beint inn á bankareikning í stað greiðslu með tékka.

4. **Annað:** Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum. Í sérprentuninni eru einnig ýmsar upplýsingar um fjárhæðir o.fl. 1988-1991, þar á meðal hámark vaxtabóta.



## Húsnæðisbætur

1. **Lagaheimild:** C-liður 69. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. B-lið 11. gr. laga nr. 49/1987, sbr. C-lið 9. gr. laga nr. 92/1987 og reglugerð nr. 76/1988, um húsnæðisbætur, og reglugerð nr. 118/1988.
2. **Ákvörðun bóta og réttahafar:** Maður, sem skattskyldur er samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og kaupir, byggir eða eignast á annan hátt í fyrsta sinn íbúðarhúsnæði til eigin nota, á rétt á sérstökum bótum, húsnæðisbótum. Réttur til húsnæðisbóta stofnast aðeins einu sinni fyrir hvern framteljanda. Réttur til húsnæðisbóta stofnast á því ári þegar bygging húsnæðis er hafin eða það keypt og varir í sex ár frá og með því ári. Húsnæðisbætur eru bundnar við eignarhald réttihafa húsnæðisbóta á íbúð. Húsnæðisbætur er ákveðin upphæð reiknuð á grundvelli lánsjaravísitölu.

Skattstjóri semur skrá yfir réttihafa húsnæðisbóta og sendir hana fjármálaráðuneytinu.

3. **Útborgunardagar og greiðslufyrirkomulag:** Húsnæðisbætur greiðast út 1. ágúst ár hvert.

Húsnæðisbætur eru greiddar beint inn á reikninga réttihafa í viðskiptabanka eða sparisjóði þeirra, sbr. reglugerð nr. 225/1991. Upplýsingar um reikning réttihafa í banka eða sparisjóði eru skráðar í sérstaka skrá, ráðstöfunarskrá. Ef ekki er vitað um reikningsnúmer réttihafa skal greitt með tékka. Í bönkum og sparisjóðum liggja frammi sérstök eyðublöð til að fá greitt beint inn á bankareikning í stað greiðslu með tékka.

Húsnæðisbætur greiðast réttihafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar skuldajafnað hefur verið vegna skulda á opinberum gjöldum, sjá kafla 8.5, forgangsröð um skuldajöfnun.

4. **Annað:** Vaxtabætur hafa verið teknar upp í stað húsnæðisbóta. Þeir sem fengu ákvarðaðar húsnæðisbætur, áður en vaxtabætur komu til, halda þeim rétti og fá greiddar húsnæðisbætur í samræmi við ákvörðun skattstjóra til loka þess tímabils er ákvörðun hans tók til, en þó ekki lengur en til ársins 1993. Tekjuárið 1989 gátu menn, sem fengið höfðu ákvarðaðar húsnæðisbætur, óskað eftir að fá vaxtabætur. Þeir sem fá húsnæðisbætur geta aldrei notið vaxtabóta samtímis. Nú geta menn hins vegar ekki lengur fengið úrskurðaðar húsnæðisbætur.

Ríkisskattstjóri gefur reglulega út sérprentun laga um tekjuskatt og eignarskatt ásamt fleiri lögum og reglugerðum. Í sérprentuninni eru einnig ýmsar upplýsingar um fjárhæðir o.fl. 1988-1991, þar á meðal upphæð húsnæðisbóta.

## 7. kafli

# Ýmis hugtök

**Aðför** - Aðför er þvingunaraðgerð framkvæmd af fógeta í því skyni að knýja fram eða tryggja efndir á tilteknum skyldum, t.d. samkvæmt samningi (þ.m.t. skuldabréf), dómi eða lögum. Lögtak og fjárnám eru aðfarargerðir (fógetagerðir) sem gerðar eru til tryggingar fjárkröfum.

Kröfum um skatta, tolla og önnur opinber gjöld fylgir lögtaksréttur þannig að hægt er að gera lögtak í eigum skuldara til tryggingar greiðslu. Skilyrði fyrir því að hægt sé að gera lögtak er að slíkt sé heimilað í lögum, t.d. lögtakslögum eða tilteknum sérlögum. Lögtak má gera beint og þarf þá ekki að dæma um réttmæti kröfunnar fyrst. Nægjanlegt er að eigandi skuldarinnar, t.d. ríkissjóður, snúi sér til fógeta með beiðni um lögtak. Telji fógeti skilyrði til lögtaks vera fyrir hendi samþykkir hann að lögtakið megi fara fram. Það er gerðarbeiðanda (skuldareiganda) að ábyrgjast að fjárhæð skuldarinnar sé rétt. Við innheimtu á sköttum og öðrum opinberum gjöldum auglýsir fógeti úrskurð um lögtak á umræddum gjöldum og að það geti farið fram án frekari fyrirvara. Ekki þarf að tilgreina nöfn skuldaranna í auglýsingunni. Auglýsa skal lögtak a.m.k. viku áður en það á að fara fram. Aðrar reglur gilda um birtingu vegna ýmissa annarra lögtakskræfra krafna, t.d. vegna innheimtu framfærslueyris. Segja má að lögtak sé veðsetning sem gerð er í andstöðu eða a.m.k. án samþykkis eiganda viðkomandi eignar. Í framhaldi af lögtaki er síðan hægt að krefjast nauðungaruppboðs á eigninni. Ef lögtak hefur reynst árangurslaust vegna þess að skuldarinn á engar eignir getur slíkt verið grundvöllur fyrir gjaldþrotaskiptum ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi. Réttur til að gera lögtak fyrnist á tveimur árum. Sjá hugtakið fyrning.

**Ábyrgð á skattskuldum** - Hjón bera óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Fjárráðamenn ólögráða manna bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Eigendur sameignarfélags, sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þess, sama gildir um erfingja í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum vegna skattgreiðslna hins látna og búsins. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sem taldar eru upp í 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 4. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981, sem eru m.a. sjálfseignarstofnanir, dánarbú, þrotabú og önnur bú sem skipt er hér á landi, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þessara lögaðila. Þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Einnig bera þeir, sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi o.fl., ábyrgð á sköttum viðtakenda þessara greiðslna. Þá er óheimilt að

slíta félagi fyrr en allir skattar þess hafa að fullu verið greiddir. Hafi félagi verið slitið án þess að skattar hafi verið geiddir bera skilanevndarmenn búskipta ábyrgð á skattgreiðslum. Gera má lögtak hjá þeim sem ábyrgð ber á skatti, en með ábyrgð er átt við sjálfskuldarábyrgð. Það sem hér hefur verið sagt á við um ábyrgð á tekjuskatti og eignarskatti, sbr. 114. gr. laga nr. 75/1981. Þegar um aðra skatta og gjöld er að ræða þarf að skoða viðkomandi lög varðandi ábyrgð. Oft er það svo að vísað er til 114. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, í viðkomandi lögum og því gilda ofangreindar reglur um ábyrgð á greiðslum viðkomandi gjalda. Dæmi um þetta er ábyrgð á greiðslu útsvars og aðstöðugjalds, sbr. 32. gr. og 37. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélagi.

Launagreiðandi ber ábyrgð á þeim opinberu gjöldum sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir, samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Launamaður ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans, en launamaður og launagreiðandi bera hins vegar óskipta ábyrgð á vanteknum opinberum gjöldum.

**Álagningarár** - Skattstjóri skal leggja tekjuskatt og eignarskatt á skattaðila samkvæmt framtali hans. Það ár sem skattstjóri leggur skatt á skattaðila er álagningarár.

**Dómveð** - er þáttur í fullnustugerðum skuldheimtumanna og eru grundvöllur nauðungaruppboðs. Þegar gert er fjárnám eða lögtak í eign skuldnauts fær gerðarbeiðandi sérstakt dómveð eða aðfararveð í viðkomandi eign. Almennt dómveð er það þegar lögsókn skuldheimtumanna beinist að eignum skuldara í heild, t.d. við gjaldþrot. Veðhafar njóta almennt betri réttarstöðu en aðrir kröfuhafar.

**Eindagi** - Þegar í lögum er getið um eindaga er hann að jafnaði sá dagur eftir gjalddaga sem skuldari má greiða á í síðasta lagi án þess að til vanefndaáhrifa komi. Greiðsla fyrir eindaga telst greidd á réttum tíma, en sé hins vegar ekki greitt á eindaga reiknast að jafnaði dráttarvextir frá gjalddaga. Dæmi um greinarmun á gjalddaga og eindaga í lögum er um skil á staðgreiðslu opinberra gjalda. Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 14. dögum síðar. Hafi eigi verið greitt á eindaga skal launagreiðandi sæta álagi, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 45/1987.

Hafa ber í huga að stundum er gerður greinarmunur á eindaga og þeim degi þegar byrjað er að reikna dráttarvexti. Dæmi um þetta er fyrirframgreiðsla þinggjalda. Vangreiðsla að hluta veldur því að skattar gjaldandans falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið. Eindagi er því 15. ágúst vegna fyrirframgreiðslu þinggjalda. Dráttarvextir eru hins vegar reiknaðir sé

skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, en gjaldfelling að hluta hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning, sbr. 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

**Fjárnám** - sjá aðför.

**Fógetadómur** - Fógetadómur eða fógetaréttur er dómstóll sem annast fógetagerðir. Sjá fógetagerðir.

**Fógetagerðir** - Fógetagerðir er samheiti yfir dómsathafnir sem framkvæmdir eru af fógetum til þess að knýja fram eða tryggja efndir á skyldum sem hvíla á mönnum samkvæmt lögum eða til varnar ólögmetu atferli. Fógetagerðum er venjulega skipt í tvo aðalflokka og þeim síðan í undirflokk. *Fullnustugerðir*: Fjárnám, löggeymsla, lögtak og beinar fógetagerðir (útburðargerðir og innsetningargerðir).

*Tryggingarráðstafanir til bráðabirgða*: Kyrrsetning og lögbann.

**Framtal** - sjá skattframtal.

**Fullnustugerðir** - sjá fógetagerðir.

**Fyrning** - Kröfur vegna opinberra gjalda fyrnast á fjórum árum. Upphaf fyrningarfrests er gjalddagi. Fyrning kröfu leiðir til þess að hún fellur úr gildi, krafan hættir að vera til. Unnt er að slíta fyrningu með eftirfarandi hætti: Málssókn, aðgerðum sem jafngilda málssókn svo sem nauðungaruppboði og lögtaki, lýsingu kröfu í bú skuldara, lýsingu kröfu fyrir Hæstarétti og viðurkenningu skuldara á kröfunni, sjá lög nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Viðurkenni skuldari skuld sína beint eða óbeint, t.d. með því að greiða inn á kröfuna athugasemdalaust, hefst nýr fyrningarfrestur, venjulega jafnlangur hinum fyrri. Þetta á við jafnvel þó að liðin séu meira en fjögur ár frá gjalddaga. Ef samið er um greiðslu skuldarinnar með skuldabréfi eftir gjalddaga hennar verður fyrningarfrestur þó tíu ár talið frá hinum nýja gjalddaga.

Kröfum um opinber gjöld fylgir lögtaksréttur. Lögtaksrétturinn fyrnist á tveimur árum að telja frá síðasta gjalddaga. Þetta þýðir að fara verður í almennt dómsmál til innheimtu lögtakskröfu, ef liðin eru tvö ár frá gjalddaga hennar. Séu liðin fjögur ár er krafan fyrnd. Nægjanlegt er að lögtaksgerð sé hafin innan tveggja ára frestsins til þess að rétturinn haldist, þ.e. að gerðin sé tekin fyrir í fógetadómi innan frestsins enda sé henni haldið áfram með hæfilegum hraða.

**Gjaldár** - sjá álagningarár.

**Gjaldheimta** - Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, forráðamönnum sveitarfélaga, svo og opinberum stofnunum er heimilt að semja sín í milli um að innheimta skuli í einu lagi gjöld er greiða ber þessum aðilum. Fela má gjaldheimtuna innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóðum eða sérstakri innheimtustofnun. Sá sem tekur að sér innheimtu samkvæmt samningi ber allar þær skyldur og hefur allar þær heimildir til að framfylgja gjaldheimtunni sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa samkvæmt lögum.

**Gjaldþrot** - Gjaldþrot merkir vanefni skuldara til þess að greiða skuldir sínar. Hugtakið er þó oftast notað í þrengri merkingu, þ.e. um það ástand er vanefnin hafa verið staðfest með dómsúrskurði. Um gjaldþrot gilda lög nr. 6/1978.

**Héraðsdómari** - Sá aðili sem fer með dómsvald í héraði. Héraðsdómendur eru almennt sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum, sérstakir héraðsdómarar í sýslum og kaupstöðum, og borgardómarar, sakadómarar og borgarfógetar í Reykjavík og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli. Á þessu verður breyting 1. júlí 1992 er lög nr. 31/1990 taka gildi.

**Hlutfélag** - Um hlutfélög gilda lög nr. 32/1978, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 69/1989. Hlutfélag er sérstakur lögaðili (lögpersóna). Í hlutfélagi ber enginn félagsmanna persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Hlutfé skal vera minnst 400.000 kr. Hlutfé skal skipt í hluti og mega þeir ekki vera færri en tveir. Hluthafar skulu vera tveir hið fæsta. Hlutfélagi er rétt og skylt að nota orðið hlutfélag í heiti sínu eða skammstöfun. Tilkynna skal stofnun hlutfélags til opinberrar skrár sem haldin er á vegum viðskiptaráðuneytisins og nefnist hlutfélagaskrá. Önnur félagsform, sjá sameignarfélag, samvinnufélag, almenn félög.

**Innheimtustofnun sveitarfélaga** - er sameign allra sveitarfélaga landsins. Stofnunin innheimtir hjá barnsfeðrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt mæðrum óskilgetinna barna og fráskildum konum vegna barna þeirra og stofnunin endurgreiðir síðan Tryggingastofnuninni innheimtufé eftir því sem það innheimtist. Stofnunin annast innheimtu meðlaga hjá barnsfeðrum hvar sem er á landinu. Sjá lög nr. 54/1971.

**Innskattur** - sjá virðisaukaskattur.

**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga** - Félagsmálaráðuneytið hefur sjóðinn í vörslum sínum og annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og um bókhald sjóðsins. Um tekjur og framlög sjóðsins er vísað til III. kafla laga nr. 91/1989 og reglugerð nr. 542/1989. Sjá tekjustofnar sveitarfélaga.

**Kyrrsetning** - Fjármuni skuldunauts má kyrrsetja til tryggingar fullnustu lögvarinnar kröfu til peninga eða peningaverðmætis. Skilyrði þess að kyrrsetning verði framkvæmd eru almennt þau að krafan sé fallin í gjalddaga, eigi nægilega tryggð og eigi megi tryggja hana með aðför. Í sumum tilvikum er heimilt að kyrrsetja skuldunaut sjálfan. Kyrrsetning er þannig réttargerð til að tryggja efndir fjárskuldbindinga síðar. Höfða þarf staðfestingarmál innan viku frá lokum gerðarinnar. Kyrrsetning viku fyrir fjárnámi og fellur niður ef bú gerðarþola er tekið til gjaldþrotaskipta og einnig þegar staðfestur hefur verið nauðasamningur við lánardrottna. Um kyrrsetningu gilda lög nr. 18/1949. Sjá einnig fógetagerðir. (Lög nr. 31/1990 taka gildi 1. júlí 1992.)

**Kæra** - Ákvörðun lægra setts stjórnvalds er venjulega hægt að skjóta til æðra setts stjórnvalds, sem skylt er að endurskoða ákvörðunina. Þetta nefnist stjórnslukæra. Stjórnslukæra er almennt heimil þótt hún eigi ekki stoð í settum lögum. Oft eru ákvæði í lögum sem kveða á um kæruehimild, t.d. er úrskurður skattstjóra kærانlegur til ríkisskattanefndar, sbr. 99. gr. laga nr. 75/1981. Sjá skattkæra, útsvarskæra, kærufrestur.

**Kærufrestur** - Þegar kveðið er á um kæruehimild í lögum er oft sagt að kæra þurfi að berast innan ákveðins tíma, kærufrests. Samkvæmt skattalögum er kærufrestur til skattstjóra 30 dagar frá og með dagsetningu auglýsingar skattstjóra um álagningu sé lokið eða innan 30 daga frá og með póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun. Sé kærufrestur liðinn er kæruehimild eigi lengur fyrir hendi.

**Lausnargerð** - Hafi aðför verið gerð og síðan er krafan greidd að nokkru eða öllu leyti getur sá aðili sem aðför hefur verið gerð hjá, krafist þess að gerðin verði tekin upp að nýju og að fjárnámið verði látið falla niður að öllu eða einhverju leyti. Nefnist þetta lausnargerð. Fógeti sér um að framkvæma lausnargerð og úrskurða ágreining sem upp kann að koma.

**Lokunaraðgerðir** - Lokunaraðgerðum er ætlað að knýja fram efndir á skyldu til að greiða opinber gjöld eða til að uppfylla tilteknar kröfur sem gerðar eru í viðkomandi lögum. Lokunaraðgerðir fara einungis fram sé heimild til þess í lögum um viðkomandi skatta eða gjöld. Lokunarheimildir í lögum kveða á um heimildir fyrir innheimtumenn til að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra aðila sem ekki gera fullnægjandi skil á skatti eða brjóta aðrar tilgreindar reglur samkvæmt viðkomandi lögum. Lokun er þá framkvæmd af lögreglu með því að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til viðkomandi aðilar fullnægja skyldu sinni samkvæmt lögum. Samhliða lokunaraðgerðum er heimilt að beita öðrum úrræðum svo sem sektum, áætlunum og lögtaki,

séu heimildir til þess í viðkomandi lögum. Lokun atvinnurekstrar má beita við innheimtu eftirtalinna skatta og gjalda: Staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjalds, söluskatts, virðisaukaskatts og vörugjalds.

**Lögaðili** (lögpersóna) - er stofnun eða félag sem viðurkennt er að geti átt réttindi og borið skyldur. T.d. getur lögaðili verið aðili að dómsmáli og verið aðili að löggerningum. Ríki, sveitarfélög, stofnanir og félög eru lögaðilar. Um skattskyldu sjá 2.-4. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

**Löggeymsla** - Dómhafi getur fengið lagða löggeymslu á fjámuni þegar svo stendur á að hann getur ekki gert fjárnám vegna þess að dómi er áfrýjað, en annar maður hefur á sama tíma öðlast aðfarardóm á hendur sama skuldara. Fógeti framkvæmir löggeymslu. Löggeymsla veitir svipaða tryggingu og fjárnám, en þó þannig að sala er óheimil. Sjá fógetagerðir.

**Löghald** - sjá kyrrsetning.

**Lögtak** - sjá aðför.

**Lögveð** - Lögveð stofnast þegar fyrir hendi eru tiltekin atvik sem samkvæmt ákveðinni réttarreglu uppfylla skilyrði lögveðsstofnunar. Yfirleitt er heimildar fyrir stofnun lögveðs að leita í settum lögum. Ekki þarf að gera sérstakar tryggingarráðstafanir til þess að lögveð njóti réttarverndar gagnvart þriðja manni. Það þarf því almennt ekki að þinglýsa lögveði. Meginreglan er sú að lögveð gangi fyrir eldri sem yngri sammings- og dómveðum. Dæmi um lögveðsrétt er fyrir fasteignaskatti sveitarfélaga, sbr. 7. gr. laga nr. 91/1989, og lögveð í bifreið vegna vangreiðslu þungaskatts, sbr. 11. gr. laga nr. 3/1987.

**Nauðungaruppboð** - er sala á eign gegn vilja eigandans og er venjulega lokastig til að knýja fram efndir á peningakröfu með aðstoð réttarkerfisins. Sá sem krefst uppboðs verður að hafa á hendi uppboðsheimild, t.d. aðfarargerð, sjá 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. lög nr. 12/1987. Mismunandi reglur gilda um fasteigna- og lausafjáruppboð. Sýslumenn, bæjarfógetar og borgarfógeti í Reykjavík framkvæma nauðungaruppboð.

**Opinber gjöld** - Hér er almennt átt við alla skatta og gjöld sem lögð eru á landsmenn til að standa straum af kostnaði við sameiginlega þjónustu í þjóðfélaginu, hvort sem þessi gjöld renna til ríkis eða sveitarfélaga. Sjá tekjustofnar ríkisins og tekjustofnar sveitarfélaga.

**Rekstrarár** - sjá tekjuár.

**Ríkisbókhald** - hefur, fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila er ríkisreikningur nær til og sér um gerð ríkisreiknings. Ríkisbókhald starfar samkvæmt lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, með síðari breytingum.

**Ríkisendurskoðun** - Um stofnunina gilda lög nr. 12/1986 með síðari breytingum.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Ríkisendurskoðun skal vera þingnefndum og yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, sbr. 43. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Ríkisendurskoðun er óháð ráðuneytum og öðrum handhöfum framkvæmdavaldsins.

**Ríkisféhirðir** - Aðalverkefni ríkisféhirðis er að taka við greiðslum í ríkissjóð og annast greiðslur úr honum samkvæmt fyrirmælum fjármálaráðuneytis.

**Ríkislögmaður** - Hlutverk ríkislögmanns er að fara með uppgjör bóta krafna sem beint er að ríkissjóði og fara með vörn og sókn þeirra einkamála sem ríkið er aðili að. Ríkislögmaður gerir einnig kröfur einkaréttarlegs eðlis í opinberum málum fyrir hönd ríkisins og gerir lögfræðilegar álitsgerðir að ósk einstakra ráðherra og aðstoðar við vandasama samningagerð. Sjá lög nr. 51/1985, um ríkislögmann.

**Ríkisskattanefnd** - er óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um skattstofna og skatta sem ákvarðaðir eru af skattstjórum eða ríkisskattstjóra, eins og nánar er getið í lögum um það efni. Nefndin ákvarðar skattsektir í þeim málum sem skattrannsóknarstjóri ber undir hana. Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Kærufrestur er 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra. Um málsmeðferð gildir 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

**Ríkisskattstjóri** - skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og samræma þau. Í því skyni skal hann setja þeim framkvæmda- og starfsreglur og kynna þeim úrskurði og dóma er þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Einnig sér ríkisskattstjóri um gerð þeirra eyðublaða sem þörf er á við álagningu opinberra gjalda og leiðbeinir almenningi m.a. um útfyllingu skattframtals og kynnir nýmæli í skattalögum. Ríkisskattstjóra er heimilt að kanna skattframtöl og öll atriði er varða álagningu skatta og gjalda er



skattstjórar leggja á og breyta álagningu opinberra gjalda af sjálfsdáðum eða að ósk skattþegna, án tillits til kærufresta, ef hann telur ástæðu til. Ríkisskattstjóri kemur fram fyrir hönd ráðherra gagnvart ríkisskattanefnd.

**Ríkistollanefnd** - er óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um hvort tiltekin vara sé tollskyld eða tollfrjáls eða skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, svo og hvað telja skuli tollverð vöru, flutningsgjald eða annan eðlilegan kostnað sem fellur á vöru og ákvarðaður hefur verið af tollstjóra. Kærufrestur er 30 dagar frá úrskurði tollstjóra. Um málsmeðferð gildir 101. gr. tollalaga nr. 55/1987.

**Ríkistollstjóri** - skal hafa eftirlit með störfum tollstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Í því skyni skal hann setja þeim framkvæmda- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Einnig sér ríkistollstjóri um að gefa út og hafa til sölu fyrir almenning reglur og gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt skuli almenningi. Ríkistollstjóra er heimilt að kanna af sjálfsdáðum aðflutnings- og útflutningsskjöl og honum er heimilt, ef ástæða þykir til, að breyta gjaldtöku tollstjóra varðandi gjöld og skatta sem tollstjórar leggja á og innheimta. Ríkistollstjóri kemur fram fyrir hönd ráðherra gagnvart ríkistollanefnd.

**Sameignarfélag** - er félagsskapur tveggja eða fleiri manna eða félagsaðila um atvinnustarfsemi þar sem þeir bera beina og ótakmarkaða persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Ábyrgð er einn fyrir alla og allir fyrir einn - ábyrgð in solidum. Sameignarfélag er lögaðili. Um sameignarfélag fer að mestu eftir félagssamningi því að ekki er til heildarlöggjöf um sameignarfélög. En ákvæði eru til í einstökum lögum, t.d. lögum nr. 42/1903, firmalögum. Sameignarfélög eru sjálfstæður skattaðili hafi þess verið sérstaklega óskað við skráningu.

**Samningsveð** - Veðréttindi sem stofnast með löggerningi milli eiganda eignar og væntanlegs veðhafa. Dæmi: A veðsetur hús sitt til tryggingar kröfu B. Hér er A veðsali og B veðhafi.

**Samvinnufélög** - Um þessi félög gilda lög nr. 46/1933, um samvinnufélög. Þau hafa að markmiði að efla hagsæld félagsmanna í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í félagsstarfinu. Að mestu leyti er unnt að kveða á um ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins í félagssamþykktum. Sé persónuleg ábyrgð fyrir hendi er hún yfirleitt til vara, þ.e. fyrst þarf að sanna gjaldþrot félagsins áður en hægt er að krefja aðra félagsmenn um kröfuna.

**Skattar** - Skattar eru gjöld sem einstaklingar og fyrirtæki skulu greiða til ríkis og sveitarfélaga, án þess að trygging sé fyrir því að endurgjald komi í staðinn. Skatta verður að leggja á eftir almennum efnislegum/hlutlægum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu. Skattar eru lagðir á ákveðinn stofn, t.d. tekjur, eignir, vöru eða þjónustu.

**Skattár** - Sjá álagningarár.

**Skattframtal** - Skattskyldir aðilar skulu leggja fram skattframtal ár hvert þar sem fram koma upplýsingar um tekjur liðins árs og eignir í árslok. Skattstjóri leggur síðan framtalið til grundvallar við ákvörðun tekju- og eignarskatts og útsvars, svo og við ákvörðun endurgreiðslna, svo sem barnabótaauka og vaxtabóta.

**Skattkort** - Fyrir upphaf staðgreiðsluárs lætur ríkisskattstjóri gera skattkort fyrir hvern launamann, þar sem fram komi þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að ákvarða staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu. Á skattkorti skulu m.a. koma fram upplýsingar um hlutfall persónuafsláttar. Ríkisskattstjóri skal auglýsa skatthlutfall og fjárhæð persónuafsláttar fyrir upphaf staðgreiðsluárs svo og ef breytingar verða á staðgreiðsluári. Launamanni ber síðan að afhenda launagreiðanda skattkort og ber launagreiðandi ábyrgð á vörslu þess. Sjá nánar 11. - 13. gr. laga nr. 45/1987, með síðari breytingum.

**Skattkæra** - Telji skattaðili skatt sinn eða skattstofn eigi rétt ákveðinn getur hann sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan kærufrests. Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar innan kærufrests.

**Skattrannsóknarstjóri** - Við embætti ríkisskattstjóra starfar sérstök rannsóknardeild sem skattrannsóknarstjóri stýrir. Hann hefur með höndum skatteftirlit og rannsóknir. Hann skal fylgjast með og afla upplýsinga um eftirlitsstörf og eftirlitsaðgerðir skattstjóra og veita þeim upplýsingar er þýðingu hafa við skatteftirlit þeirra. Skattrannsóknarstjóri rannsakar mál af sjálfsdáðum eða eftir kröfu ríkisskattstjóra eða ábendingu skattstjóra. Hann getur vísað málum til opinberrar rannsóknar. Þegar aðgerðir ríkisskattstjóra gefa tilefni til endurákvörðunar skatts skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra.

**Skattstjóri** - Skattstjórar, hver í sínu umdæmi, leggja á skatta og önnur gjöld, sem þeim ber að leggja á lögum samkvæmt. Skattstjórar leggja til dæmis á tekjuskatt, eignarskatt, sérstakan eignarskatt, sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, útsvar, virðisaukaskatt, vörugjald, að-

stöðugjald, útflutningsráðsgjald, tryggingagjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra o.fl. Ennfremur ákvarða skattstjórar barnabætur, barnabótaauka, vaxtabætur og húsnæðisbætur. Úrskurðum skattstjóra má skjóta til ríkisskattanevndar. Sjá skattkæra, ríkisskattanevnd og ríkisskattstjóra.

**Skattumdæmi** - Samkvæmt lögum skal landinu skipt í skattumdæmi. Skattumdæmi eru níu talsins, sjá 85. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

**Skattyfirvöld** - Skattyfirvöld eru þeir aðilar sem hafa yfirstjórn skattamála samkvæmt lögum. Fjármálaráðherra fer með yfirstjórn skattamála og framkvæmd skattamála heyrir undir fjármálaráðuneytið. Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknaustjóri, ríkisskattstjóri og ríkisskattanevnd ræki skyldur sínar.

**Skuldajöfnuður** - Skuldajöfnuður er það nefnt þegar kröfur jafnast og ganga upp hver á móti annarri án þess að greiðsla fari fram. Verður niðurstaðan þá hin sama og báðar kröfurnar hefðu verið greiddar svo langt sem skuldajöfnuður nær.

Heimild til skuldajafnaðar getur annars vegar verið samkomulag aðila, og fer þá um skuldajöfnuð eftir því, en hins vegar getur venjulega hvor aðili um sig krafist þess að skuldajöfnuði sé beitt, ef eftirgreindum skilyrðum er fullnægt:

1. að kröfurnar séu milli sömu aðila,
2. að þær séu samkynja (þ.e. sömu tegundar, t.d. peningagreiðslur),
3. að þær séu báðar gildar (t.d. verður fyrnd krafa ekki notuð til skuldajafnaðar gegn ófyrndri kröfu),
4. að kröfurnar séu hæfar til að mætast hvað greiðslutíma snertir, þ.e. að sá tími sé kominn er krefjast má greiðslu á kröfunni sem nota á til skuldajafnaðar og greiða má kröfu þá er ljúka á með skuldajöfnuði, m.ö.o. báðar í gjalddaga fallnar.

Séu skilyrði skuldajafnaðar fyrir hendi tekjast báðar kröfurnar fallnar niður ef annarhvor aðili lýsir því yfir að hann óski þess að þær mætist.

Sérreglur gilda um skuldajöfnuð, þegar báðar kröfurnar eru af sömu rót runnar (þ.e. sprotnar af sömu skiptum aðila eða sama atviki) eða samið hefur verið fyrirfram um skuldajöfnuð, svo og um skuldajafnaðarétt þess manns sem bæði skuldar og á hjá gjaldþrotabúi.

**Staðgreiðsla opinberra gjalda** - er að jafnaði bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars launamanns á tekjuári, samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Launamaður lætur launagreiðanda í té skattkort sitt og launagreiðandi sér um útreikning staðgreiðslu. Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega það fé sem hann hefur

haldið eftir og er gjalddagi 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Launagreiðandi ber ábyrgð á þeim opinberu gjöldum sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir til staðgreiðslu. Launamaður ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans. Launamaður og launagreiðandi bera óskipta ábyrgð á vanteknum opinberum gjöldum.

**Tekjuár** - Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ.e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

**Tekjustofnar ríkisins** - Hér er almennt átt við skatta og gjöld sem lögð eru á landsmenn með lögum eða með heimild í lögum, og ýmsar aðrar tekjur, sjá 3. gr. fjárlaga fyrir árið 1991, t.d. tekju- og eignarskattur, virðisauka-skattur, aðflutningsgjöld, tekjur af rekstri ÁTVR o.s.frv.

**Tekjustofnar sveitarfélaga** - eru fasteignaskattur, framlög úr Jöfnunarsjóði, útsvör og aðstöðugjöld. Enn fremur hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, atvinnurekstri og stofnunum, t.d. rafmagnsveitur, hitaveitur, ásamt öðrum tekjum, t.d. leyfisgjöldum ýmiss konar.

**Tollgæslustjóri** - skal fara með stjórn tollgæslunnar í tollumdæmum landsins og hvarvetna á tollsvæði ríkisins, svo og fjárreiður hennar, stjórn tollgæslumanna og hafa eftirlit með störfum þeirra og samræma þau. Tollgæslustjóra er heimilt að senda tollgæslumenn í tollumdæmi landsins til tolleftirlits og er tollstjórum skylt að veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd þess.

**Tollstjóri** - Tollheimtu og tolleftirlit samkvæmt tollalögum annast tollstjórar hver í sínu umdæmi. Sýslumenn og bæjarfógetar sinna þessum störfum úti á landi, en í Reykjavík er sérstakur tollstjóri.

**Tvísköttun** - Tvísköttun er það nefnt þegar skattur er greiddur af tilteknum gæðum oftast en einu sinni. Dæmi þessa eru tekjur sem skattskyldur maður hér á landi vinnur sér inn erlendis og eru skattskyldar bæði hér og erlendis. Í tilvikum sem þessum er ríkisskattstjóra heimilt að lækka tekjuskatt og eignarskatt skattaðila hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum, enda sé ekki fyrir hendi samningur við viðkomandi ríki til að komast hjá tvísköttun. Tvísköttunarsamningar eru í gildi milli Íslands og ríkja á Norðurlöndunum, Bandaríkja N-Ameríku, Þýskalands og Sviss. Þá er í undirbúningi að gera slíkan samning við Frakkland og Bretland.

**Umboð** - Geri maður löggerning, t.d. samning, í nafni annars manns og innan takmarka umboðs síns, þá skapar sá löggerningur rétt og skyldu

